

HJALTI HUGASON

Áhrif siðbótarinnar á Íslandi

Tilraun til jafnvægisstillingar

Fyrri grein

Árið 2017 var þess minnst að 500 ár voru liðin síðan Marteinn Lúther (1483–1546) hóf siðbótarstarf sitt með að negla 95 mótmælagreinar gegn aflátssölu Rómakirkjunnar upp á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg eftir því sem sagan segir.¹ Líklega má líta svo á að þarna hafi „réttur“ maður verið á „réttum“ stað á „réttum“ tíma. Margs konar gagnrýni sem í mörgu átti sammerkt með viðhorfum Lúthers hafði verið beint að miðaldakirkjunni fyrir þennan tíma. Jafnvel höfðu komið fram öflugar gagnrýni- og endurbóta-hreyfingar sem leiðtogum kirkjunnar hafði þó oftast tekist að brjóta á bak aftur eða sigrast á með öðru móti.² Um siðbótarhreyfingu Lúthers gegndi öðru máli. Þar réð miklu að hafin var marghátuð pólitísk og samfélagsleg þróun sem olli breyttum valdahlutföllum milli mismunandi þjóðfélagshópa og stétta. Þá var hafin þróun miðstýrðs ríkisvalds. Auk þess hafði fjölmiðlun farið ört vaxandi eftir að prenttækni Gutenbergs ruddi sér til rúms en út-

¹ Með *siðbót* er hér átt við kirkjugagnrýni Lúthers og viðleitni hans til að koma á umbótum í miðaldakirkjunni. Svo virðist sem þetta hafi verið hin eiginlegu markmið hans en ekki það að stofna nýja kirkju eða kirkjudeild eins og raun varð á. Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými: Hugleiðing um heiti og hugtök í siðaskiptarannsóknnum“, *Ritið* 3/2014, bls. 191–229, hér bls. 225–228.

² Hér skal látið nægja að benda á P. Valdes á 12. öld, J. Wycliffe (1330–1384) og J. Huss (um 1372–1415). Um alla álfuna spruttu áhrifaríkar gagnrýni- og mótmæla-hreyfingar þótt þær klyfu ekki miðaldakirkjuna á sambærilegan hátt og siðbótar-hreyfingar 16. aldar.



gáfa flugrita af ýmsu tagi varð drjúg útbreiðsluleið fyrir hinar nýju hugmyndir.³ Að þessu sinni varð þróunin því ekki stöðvuð og tók gjörningurinn við Hallarkirkjuna fljótt að hafa ófyrirséð áhrif sem bæði ógnuðu páfa og öðrum leiðtogum miðaldakirkjunnar en jafnframt Lúther sjálfum. Hann hefur tæpast rennt grun í að atburðurinn mundi hafa önnur eins áhrif og raun bar vitni enda hóf hann fljótt andóf gegn ýmsu sem í upphafi mátti beint eða óbeint rekja til hans sjálfs.⁴

Í þessari grein og annarri sem á eftir fylgir verður grafið fyrir um hver helstu áhrif Lúthers og siðbótar hans voru á nokkrum sviðum kirkju, samfélags og menningar hér á landi.⁵ Í fyrri greininni verður fengist við áhrif siðbótarinnar á sviði trú- og kirkjumála. Í þeirri síðari verða áhrifin könnuð á sviði menningar og samfélags. Ekki verður um tæmandi úttekt að ræða og deila má um hver mikilvægustu áhrif Lúthers voru sem og á hvaða sviðum þau sé helst að finna. Í þessu sambandi verður einkum höfð hliðsjón af tveimur atrennum sem gerðar voru hér á landi til að meta þetta í tilefni af nýafstöðnu siðbótarafmæli. Er önnur þeirra akademísk og upprunnin í Háskóla Íslands. Hin er fremur guðfræðileg og var gerð á kirkjulegum vettvangi (sjá síðar). Sú fyrrnefnda er höfð til hliðsjónar til að afmarka helstu áhrifasvið siðbótarinnar hér á landi. Aftur á móti verður tekin efnisleg viðspyrna í hinni síðarnefndu þegar áhrifin eru metin. Í greininni verður jafnframt gerð grein fyrir tveimur alhæfingum sem settar hafa verið fram um áhrif siðbótarinnar og þess freistað að finna jafnvægi milli þeirra. Önnur gengur út á að í kjölfar siðbótarinnar hafi hafist hér allsherjarhningun á flestum sviðum

³ Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther: Maður orðsins“, *Marteinn Lúther: Úrval rita* 1, aðalþýðandi Gunnar Kristjánsson sem jafnframt bjó ritin til útgáfu, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 11–29, hér bls. 19–21.

⁴ Benda má á að í Wittenberg þróaðist siðbótarhreyfingin í of róttæka átt að mati Lúthers meðan hann dvaldi í kastalanum Wartburg en þá kom til myndbrots auk mikillar einföldunar á helgisiðum. Þá má benda á viðbrögð hans við bændauppreisnunum í Þýskalandi. Bændurnir urðu fyrir áhrifum af kirkjugagnrýni Lúthers og hann var upphaflega hliðhollur þeim. Síðar snerist hann gegn bændum og hvatti yfirvöld í baráttunni gegn þeim m.a. vegna tengslanna sem hann taldi vera milli þeirra og róttækra siðbótarmanna, t.d. T. Münzer (1490–1525). Carsten Bach-Nielsen, „1500–1800“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 17–381, hér bls. 56–61, 65–67.

⁵ Auk þeirra áhrifa sem hér verður fengist við og oftast eru langtímaáhrif gætti einnig margháttaðra skammtímaáhrifa af siðbót og siðaskiptum sem mörg hver komu fram í upplausn og óróleika eins og oft gerist á breytingaskeiðum. Sjá Hjalti Hugason, „Siðbót og sálarangist: Um ofbeldi, spennu, átök og hrun á siðbótartímanum“, *Skírnir* 189: vor 2015, bls. 53–85.

þjóðlífsins. Hin felst í að flesta jákvæða þætti nútímavæðingar megi rekja til hennar.

Þess er ekki að vænta að siðbótin hafi í grundvallaratriðum haft önnur áhrif á Íslandi en annars staðar í lútherska heiminum. Þeim kann á hinn bóginn að hafa verið öðruvísi háttað hérlendis en á kjarnasvæði lúthersku siðbótarinnar í norðanverðu Þýskalandi og jafnvel víða á Norðurlöndum. Á 16. öld var landið fjarlæg hjálenda Danakonungs á jaðri konungsríkisins. Þess vegna réri konungur öllum árum að því að siðaskipti yrðu á landinu sem fyrst eftir að þau höfðu orðið í þungamiðju ríkisins og að áhrif siðbótarinnar yrðu sem líkust því og gerðist annars staðar í ríkinu.⁶ Vald konungs var þó enn takmarkað hér á siðaskiptatímanum en fór í vöxt ekki síst á 17. og 18. öld. Hér var ennfremur við lýði fámennnt og dreifbýlt kvikfjárræktarsamfélag sem greindi sig mjög frá því borgar- og háskólaumhverfi sem siðbótin var upprunnin í en hún höfðaði ekki síst til embættis- og menntamanna auk vaxandi borgarastétta. Uppskipting fólks í stéttir var líka allt önnur en víðast annars staðar á lútherska svæðinu. Embættis- og menntamenn voru fáir og voru einkum í þjónustu kirkjunnar. Borgarastéttir, verslunar- og handverksmenn, var heldur ekki að finna í landinu. Í stórum dráttum vann öll þjóðin að landbúnaði og fiskveiðum sem enn voru ekki sundurgreindir atvinnuvegir heldur samtvinnaðir í mismiklum mæli eftir árstíðum.⁷ Þessi samfélagslega sérstaða leiddi til að á siðaskiptatímanum líkt og á mörgum öðrum breytingaskeiðum myndaðist misgengi á ýmsum sviðum milli Íslands og a.m.k. þéttbýlli hluta danska ríkisins.⁸ Þessar ytri eða hagrænu aðstæður valda miklu um að breytingaferlið á siðaskiptatímanum horfði öðruvísi við hérlendis en á þéttbýlli svæðum þar sem samfélagsþróun gengur almennt örrar fyrir sig.⁹ Á hinn bóginn er ástæða til að ætla að þróunin á strjálbýlli

⁶ *Siðaskipti* er hér notað um þau trúarpólítísku hvörf er lúthersk kirkjuskipan var lögfest hér og þar með formlega komið á lútherskri kirkju í landinu.

⁷ Hér er lítið svo á að fulltrúar konungs í landinu hafi verið lénsmenn fremur en embættismenn þar til landið var gert að amti í Danaveldi 1683. Sjá síðar.

⁸ Þetta kom m.a. fram í að textar af ýmsu tagi voru í þýðingum aðlagaðir að innlendum aðstæðum t.d. með úrfellingum. Einnig var leitast við að aðlaga fyrirmæli efnislega að innlendum aðstæðum. Hjalti Hugason, „Evangelisk traditionalism — Gudbrandur Thorlákssons konsolideringssynoder under 1570- och 1590-talen“, *Reformationens konsolidering i de nordiska länderna 1540–1610*, ritstj. Ingmar Brohed, án útgst.: Universitetsförlaget, 1990, bls. 96–118. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Siðaskiptin á Íslandi 1541–1542 og fyrstu ár siðbótar: Kirkjuskipan Kristjáns III. Danakonungs, Gissur Einarsson biskup og Skálholtsstaður*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2017, bls. 22, 135, 163, 164–165.

⁹ Sjá Loftur Guttormsson, „Áhrif siðbreytingarinnar á alþýðufræðslu“, *Lúther og ís-*

svaðum annars staðar í danska ríkinu hafi verið áþekkt og hér. Í greininni er aftur á móti ekki gert ráð fyrir sérstökum breytingum hér sem rekja megi til þjóðernis- eða sjálfsvitundar Íslendinga, sérstakrar fastheldni þeirra við miðaldakaþólsku eða annarra ástæðna sem líta má á sem hugrænar.

Hvað eru lúthersk ábrif?

Til að mögulegt sé að fullyrða að eitt hvert fyrirbæri, breyting eða nýjung, stafi af lútherskum áhrifum verður frá sögulegu sjónarhorni að vera hægt að sýna fram á að bein og merkingarbær tengsl séu milli þess og lúthersku siðbótarinnar. Í því sambandi nægir á hinn bóginn ekki að mögulegt sé að benda á beinar eða óbeinar samsvaranir, hliðstæður eða líkindi milli guðfræðilegra hugmynda siðbótarmannsins og þeirra félags- og/eða menningarlegu fyrirbæra sem til umfjöllunar eru hverju sinni.

Í þessari grein er litið svo á að til þess að raunhæft sé að ræða um áhrif Lúthers, *lúthersk ábrif* eða áhrif *siðbótarinnar* þurfi að vera unnt að færa fyrir því rök að siðbótin hafi verið nauðsynleg forsenda þeirra breytinga og/eða nýjunga sem um ræðir. Með nauðsynlegri forsendu er svo átt við að mögulegt sé að sýna fram á að breytingin hefði ekki orðið án lúthersku siðbótarinnar.¹⁰ Hér skal þó ítrekað að oft hlýtur að vera um matsatriði að ræða hvort þetta skilyrði sé uppfyllt eða ekki. Þessi afmörkun leysir því ekki allan vanda þegar rekja skal áhrif siðbótarinnar.

Af framangreindri afmörkun leiðir að eðlilegt er að líta svo á að áhrif siðbótarinnar hafi komið fram fljótlega í kjölfar hennar eða a.m.k. á því tímabili sem nokkuð ótvírætt má kalla lútherskt. Hér lauk því í trúarréttarlegum skilningi þegar grunnur var lagður að trúfrelsi og þar með fjölhyggju í trúarefnum með stjórnarskránni 1874.¹¹ Óvissa eykst þegar spurt er hvort

lenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Martein Lúther, er baldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 173–191, hér bls. 174.

¹⁰ Sjá Rolf Torstendahl, *Introduktion till historieforskningen: Historia som vetenskap*, 2. útg., Stokkhólmi: Natur och kultur, 1978, bls. 159–177.

¹¹ Ekki er að efa að íslenskt samfélag og menning reis um langt skeið undir því að geta talist lúthersk. Hér verður ekki úr því skorið hvenær hið lútherska skeið í sögu okkar byrjaði. Lútherska tímabilinu lauk heldur ekki alfarið 1874 heldur hófst þá lokaskeið þess í skjóli trúfrelsisins. Hér er ekki dregið í efa að íslenska þjóðkirkjan uppfyllir enn þá stjórnarskrárbundnu skyldu sína að vera evangelísk-lúthersk. Frekar orkar tvímælis hvort mögulegt sé að líta svo á að áhrifa Lúthers gæti í einhverjum mæli í samfélagi og menningu okkar á líðandi stundu. Sé svo er flókið að greina í hverju „hið lútherska“ sé þá folgið. Sjá Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk og hvenær hættum við að vera það? Leit að viðmiðum í siðaskiptasögu Íslendinga“,

mögulegt sé að tala um slík áhrif því lengra sem leið frá siðbótartímanum og því fleiri áhrifavalda sem ber í milli siðbótarinnar og þeirra breytinga sem til athugunar eru. Slíkt eykur óhjákvæmilega óvissu og torveldar mat á hvað líta megi á sem áhrif Lúthers og/eða siðbótarinnar og hvað ekki. Þær sérstöku aðstæður sem ríktu í íslenska samfélaginu valda þó að ýmsar breytingar áttu erfitt uppdráttar sem gengu hraðar fyrir sig í þéttbýlum samfélögum sem auk þess voru í fjölbættu breytingaferli á árnýöld. Náðu þær því ekki fram að ganga fyrr en löngu eftir að siðaskiptatímanum lauk. Má í þeim tilvikum ræða um *siðbúin* eða *tafin* lúthersk áhrif. Á þetta t.d. við um þróun mála á sviði alþýðufræðslu (sjá síðari grein).

Í tengslum við viðfangsefni þessarar greinar er nauðsynlegt að huga sérstaklega að hvernig líta beri á áhrif píetismans gagnvart siðbótaráhrifunum. Píetisminn var vakningar- og umbótahreyfing sem hófst í lúthersku kirkjunni í Þýskalandi á síðari hluta 17. aldar en hafði jafnframt sterka samkirkjulega slagsíðu einkum í átt að reformertu eða kalvínsku kirkjunni.¹² Í stjórnartíð Friðriks IV. (1699–1730) tók stefnan að hafa áhrif í danska ríkinu og varð í þeirri útgáfu sem kennd er við þýsku borgina Halle að ríkjandi stefnu í tíð Kristjáns VI. (1730–1746). Þetta var stofnunarleg og íhaldssöm grein stefnunnar.¹³ Píetisminn var á þessum tíma opinber hugmyndagrunnur hins danska játningarbundna ríkis (e. *confessional state*) og öðlaðist þar með sterkari stöðu til áhrifa en jafnvel siðbótarguðfræðin hafði notið sökum þess að á 16. öld hafði miðstýrt einvaldsríki enn ekki komist á. Álitamál er hve útbreidd áhrif stefnunnar voru hér á landi.¹⁴ Hún lá þó til grundvallar víðtækri lagasetningu fyrir Ísland sem ráðist var í um miðbik 18. aldar í kjölfar gagngerrar könnunar á íslenskum kirkjumálum sem konungur fól Ludvig Harboe (1709–1783) síðar Sjálandsbiskupi að framkvæma hér á árunum 1741–1745.¹⁵ En í framhaldinu urðu hér margháttaðar breytingar jafnvel í menningar- og samfélagslegum efnunum. Að ýmsu leyti má líta á píetismann

Ritið 2/2016, bls. 77–105, hér bls. 86–98.

¹² Sven Göransson, *Från påvens gudsstat till religionsfriheten*, Torben Christiansen og Sven Göransson, *Kyrkohistoria* 2, Stokkhólmi: Svenska Bokförlaget, 1969, bls. 342–354. Carsten Bach-Nielsen, „1500–1800“, bls. 283–295.

¹³ Carsten Bach-Nielsen, „1500–1800“, bls. 285–295, 304–311. Martin Schwarz Lausten, *Danmarks kirkehistorie*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1983, bls. 169–186.

¹⁴ Í skrifum Torfa K. Stefánssonar Hjaltalín gætir nokkurs endurmats í þessu efni og telur hann áhrif stefnunnar meiri hér en almennt hefur verið gert. Sjá Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2012, bls. 178–182.

¹⁵ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 309–319.

sem afturhvarf til og dýpkun á hugmyndum Lúthers og þar með uppgjör við lútherskan rétttrúnað sem tók við af siðbótarguðfræðinni í upprunalegri mynd. Veigamikill munur var þó á guðfræði siðbótarfrömuðarins og píetista.¹⁶ Af þeim sökum ber að halda áhrifum píetismans á 18. öld aðgreindum frá áhrifum Lúthers og/eða siðbótarinnar í þröngum skilningi. Vegna hinna djúpstæðu tengsla siðbótarinnar og píetismans má þó ræða um *afleidd* siðbótaráhrif í þessu sambandi en þeim ber að halda aðgreindum frá síðbúnum áhrifum sem fremur réðust af ytri eða hagrænum aðstæðum.¹⁷

Þegar spurt er um áhrif siðbótar og siðaskipta hér á landi er enginn vafi á að margir álíta að þessi straumhörf í trúarsögu þjóðarinnar hafi haft skyndileg, víðtæk og yfirgnæfandi neikvæð áhrif.¹⁸ Þetta viðhorf kom að margra mati fram þegar í „Aldasöng“ eða „Einum fögrum sálmi um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“ eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld (ca 1560–1640) sem ber yfirskriftina „Um Íslands hrörnan“ í sumum handritum. Þangað eru sóttar hinar alkunnu hendingarnar „Allt hafði annan róm / áður í páfadóm [...]“.¹⁹ Því skal þetta einhliða mat hér til gamans nefnt Aldasöngs-syndrómið.²⁰ Halldór Laxness var einn þekktasti fulltrúi þess eins og hvað skýrast kemur fram í ritgerðinni „Inngangur að Passíusálmum“ sem að stofni til er frá um 1930.²¹ Á öðrum stað kemur fram að hann leit svo á að með

¹⁶ Carsten Bach-Nielsen, „1500–1800“, bls. 315–316.

¹⁷ Um píetismann sem „millilið“ milli siðbótarinnar og áhrifa hennar síðar í sögunni sjá Gunnar Kristjánsson, *Marteynn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 402.

¹⁸ Sjá t.d. Viðar Hreinsson, *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*, Reykjavík: Lesstofan, 2016, bls. 22.

¹⁹ Bjarni Jónsson, „Aldasöngur: Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“, *bragi.arnastofnun.is*, sótt 14. febrúar 2019 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>.

²⁰ Heitið á bók Önnu Sigurðardóttur um nunnuklaustrin á Íslandi o. fl. hefur vísast fest tilvitnunina í „Aldasöng“ í sessi í seinni tíð. Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*, Úr veröld kvenna III, Anna Sigurðardóttir tók saman, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988.

²¹ Halldór Laxness, „Inngangur að Passíusálmum“, *Af skáldum*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1972, bls. 71–125. Halldór Laxness, „Inngangur að Passíusálmum“, *Vettvangur dagsins: Ritgerðir*, 3. útg. endursk., Reykjavík: Helgafell, 1979, bls. 7–44. Frumgerð sjá *Iðunn* nýr flokkur 16. árg., 1.–2. tbl., 1932, bls. 83–146. Svipaðs viðhorfs gætti hjá Sigurði Nordal. Sjá Sigurður Nordal, „Samhengið í íslenskum bókmenntum“, *Íslensk lestrarbók 1400–1900*, Sigurður Nordal setti saman, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1931, bls. ix–xxxii, hér bls. xx. Dæmi um Aldasöngs-syndrómið á sviði listasögu má sjá hjá Birni Th. Björnssyni

siðaskiptum hafi Íslendingar og aðrar Norðurlandþjóðir einangrast frá evrópskri samtímamenningu og orðið að „[...] skrýtilegri saxneskri afdalþjóð um aldur og ævi.“²² Þessi túlkun hefur einnig verið kennd við afmenningarþróun og talin fylgifiskur þjóðernispolítískra sjónarmiða við söguritun.²³ Sú tenging á þó ekki endilega við um Laxness. Á grundvelli viðhorfsins hafa svo verið settar fram hrún-kenningar af ýmsu tagi.²⁴ Má líta svo á að Aldasöngs-syndrómið sé hluti af þeirri „goðsögn“ að Íslendingar hafi lifað sérstakan niðurlægingartíma einkum á tímabilinu 1400–1800 sem Axel Kristinsson hefur nýverið gagnrýnt í ritinu *Hnignun, hvaða hnignun?*²⁵

Önnur hlið á mati Halldórs Laxness á lútherskum áhrifum kom þó fram í að hann taldi Lúther a.m.k. sem rithöfund því nær óþekktan hér eins og fram kemur í *Atómstöðinni*. Þar spyr organistinn norðanstúlkuna Uglu hvaða trú eigi að boða í kirkju föður hennar, stóðbóndans Fals í Eystridal. Stúlkan svarar: „Og ég held nú sosomeg ekki neitt merkilega trú, [...] ætli það verði ekki þessi sama gamla lúterstrú.“²⁶ Viðbrögð organistans verða sterk:

sem taldi kirkjulega myndlist hafa beðið mikið afhröð á siðaskiptáttum. Hann benti samt á að annar lútherski biskupinn í Skálholti, Marteinn Einarsson (d. 1576), var menntaður listmálari og síðar hafi t.d. Hjalti Þorsteinsson (1665–1754) prestur í Vatnsfirði haldið uppi merkinu. Á 17. og 18. öld telur hann svo hagræna og félagslega þætti hafa komið í veg fyrir endurvakningu listarinnar eftir „myndfælni siðaskiptatímans“. Björn Th. Björnsson, *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld: Drög að sögulegu yfirliti I*, Reykjavík: Helgafell, 1964, bls. 7, 8. Benda má á að eftir að Marteinn sagði af sér embætti 1556 lagði hann áfram einhverja stund á málalag og skreytti kirkjuna á Álftanesi á Mýrum eins og enn sást á síðari hluta 17. aldar. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðaskiptaáldarinnar á Íslandi II*, Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalíelssonar, 1922, bls. 457.

²² Halldór Laxness, „Skírteini í bændafélagi“, *Skáldatími*, 2. útg. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1991, bls. 7–19, hér bls. 8.

²³ Gunnar Karlsson, „Ritdómur: Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár“, *Saga LVI: 1/2018*, bls. 213–217, hér bls. 214–215. Þegar þjóðernislegu sögurituninni lauk hafði viðhorfið fest sig í sessi og heldur enn velli sem algeng staðalmynd af þróuninni á siðaskiptatímanum.

²⁴ Sú hrún-kenning sem helst hefur verið tekist á um upp á síðkastið lýtur að því hvort hrún hafi orðið á sviði fátækraframfærslu við lokun íslensku klaustranna (sjá síðari grein). Hana má t.d. greina í Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Nokkrar umþenningar um kirkjuordinansíu Kristjáns III.“, *Saga biskupsstólanna: Skálholt 950 ára — 2006 — Hólar 900 ára*, aðalritstj. Gunnar Kristjánsson, án útgst.: Bókaútgáfan Hólar, 2006, bls. 517–545, hér bls. 545.

²⁵ Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun? Goðsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands*, Reykjavík: Sögufélag, 2018.

²⁶ Halldór Laxness, *Atómstöðin*, 3. útg. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987, bls. 20 (1. útg. 1948).

Ég veit ekki hvað er merkilegt ef ekki að hitta stúlku sem aðhyllist lúterstrú, [...]. Það hefur aldrei komið fyrir mig áður. [...].

Lúter, sagði ég hikandi um leið og ég settist. Er hann ekki okkar?

Ég veit ekki, sagði maðurinn. Ég hef aðeins þekt einn mann sem las Lúter, hann var sálfræðingur og var að skrifa vísindarit um klám.²⁷

Laxness leit því svo á að áhrif Lúthers hafi verið hverfandi á sögutíma *Atómstöðvarinnar* og að þau litlu hafi ekki að öllu leyti verið jákvæð. Jafnframt felst í tilvitnuninni að Lúther hafi ekki verið mikið lesinn hér á landi gegnum tíðina og rit hans því ekki haft mikil bein áhrif. Það er þverstæðukennt m.t.t. þess hve mikilvirkur höfundur Lúther var, hversu textar hans eru af ólíku tagi og hve ríkur þáttur ritun og bókaútgáfa voru í siðbótinni. Þýðingar- og útgáfusaga Lúthers hérlendis bendir til að þar hafi nóbelshöfundurinn þó hitt naglann á höfuðið.²⁸

Aldasöngs-syndrómið kemur nú til dags oft fram í almennri menningar- umræðu. Þess verður þó líka enn vart í fræðilegra samhengi. Á siðbótarárinu kom t.a.m. út viðamikil verk eftir Steinunni Kristjánsdóttur prófessor um könnun hennar á nákvæmri staðsetningu íslensku klaustranna og sögu þeirra en þau voru mikilvægar stofnanir í íslensku samfélagi á kaþólskum tíma. Í umfjöllun um ritið í fjölmiðlum gætti Aldasöngs-syndrómsins oft með augljósum hætti m.a. af höfundarins hálfu sem og í umræðum um önnur rannsóknarefni þó með óbeinni hætti væri.²⁹ Í ritinu sjálfu gætir viðhorfsins mun síður. Þar er siðaskiptunum hér þó lýst sem samræmdum pólitískum aðgerðum konungs og höfðingja til að brjóta kaþólsku kirkjuna á bak aftur. Þá telur Steinunn að í siðaskiptunum hafi hvorki falist „afkristnun né siðbót“.³⁰

²⁷ Sama rit, bls. 20.

²⁸ Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther og Íslendingar“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther, er haldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 5–12, hér bls. 7–8. Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther: Maður orðsins“, bls. 12, 14–15, 16–17, 19–22.

²⁹ Sjá t.d. „Fátækir fórnarlömbin í aftökusögu Íslendinga“, *Fréttablaðið* 25. júlí 2018, bls. 2. Hér kemur Aldasöngs-syndrómið eins og algengt er fram í að enginn varnagli er sleginn um að beint orsakasamband sé á milli siðbótarinnar/siðaskiptanna og þeirra fyrirbæra sem fjallað er um. Í þessu tilviki Stóridóms (um það efni sjá síðari grein).

³⁰ Bent skal á að í tilvitnuðum orðum kemur fram gildismat á siðaskiptunum. Í þeim fólst vissulega ekki „afkristnun“ en heldur ekki nein „siðbót“. Gildisdómar eru órofa hluti af Aldasöngs-syndróminu. Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum:*

Loks leggur hún áherslu á þau neikvæðu félags- og menningarlegu áhrif sem leitt hafi af lokun klaustranna (sjá síðari grein) og siðbótinni almennt.

Áþekk alhæfing og fram kemur í Aldasöngs-syndróminu en undir gagnstæðum formerkjum skýtur oft upp kollinum þegar guðfræðingar freista þess að meta áhrif Lúthers. Hallast þeir oft að því að rekja megi flesta jákvæða þætti nútímavæðingar til áhrifa siðbótarinnar (sjá síðar). Hér verður þess freistað að takast á við báðar þessar alhæfingar og draga upp fingerðari mynd af áhrifum Lúthers og siðbótar hans.

Hvar er áhrifa Lúthers að leita? — Tvær atrennur

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að afmarka, einangra og greina áhrif Lúthers og/eða siðbótar hans hér á landi nú síðast í tilefni 500 ára afmælisins.³¹ Guðfræðistofnun Háskóla Íslands efndi t.a.m. til þverfræðilegs rannsóknarverkefnis undir heitinu *Siðaskipti í sögu og samtíð. Þverfræðilegt rannsóknarverkefni um ábrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu*.³² Verkefninu lauk með útgáfu ritgerðasafns, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*. Út úr uppbyggingu ritsins má lesa að aðstandendum þess hafi einkum þótt raunhæft að leita lútherskra siðbótaráhrifa hér á sviði 1) samfélags og almenningsfræðslu, 2) þýðinga og útgáfu, 3) kirkjubygginga og búnaðar, 4) hugarfars og menningar, 5) stöðu kvenna og 6) lútherskrar guðfræði í sögu og samtíð.³³ Í ritinu er hins vegar ekki gerð tilraun til að draga upp samstæðilega heildarmynd af áhrifum Lúthers hér í bráð eða lengd enda er það langt frá því að vera einfalt þegar gætt skal strangakademískra sjónarmiða. Hér verður tekið nokkurt mið af þessu mati á áhrifasviðum og fengist við viðfangsefni af sumum þeirra án þess að fjallað verði um öll þemun sem þarna koma við sögu.

Mat á áhrifum siðbótarinnar er áhugavert viðfangsefni út frá ýmsum öðrum sjónarhólum en hinum fræðilega. Er þar ekki síst um sjónarhorn lútherskrar kirkju á 21. öld að ræða. Hún, þ.á m. íslenska þjóðkirkjan, er í

Klausturbald á Íslandi í fimm aldir, Reykjavík: Sögufélag, Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 479.

³¹ Af eldri tilraunum í þessa veru skal bent á: *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther; er haldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989.

³² Sjá heimasíðu verkefnisins: 2017.is.

³³ *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o.a. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 5–6 (efnisyfirlit).

sérstökum skilningi vörsluaðili hins lútherska arfs. Hún á einnig ýmissa hagsmuna að gæta þegar kemur að túlkun og mati á áhrifum Lúthers og siðbótar hans. Það er því áhugavert að greina hvaða skilningur ríkir um þessi efni á kirkjulegum vettvangi. Í tilefni af 500 ára afmæli Wittenberg-gjörnings Lúthers tók Karl Sigurbjörnsson biskup saman ritið *Lúther: Ævi — áhrif — arfleifð* sem gefið var út af bókaútgáfu Þjóðkirkjunnar. Hlýtur að mega líta svo á að þar komi fram kirkjulegt mat á áhrifunum sem nokkur samstaða ríki um. Ritinu lýkur með kaflanum „Fingraför Lúthers í hversdeginum“ þar sem höfundurinn lætur þess getið að ótalmargt í „[...] hversdagslífi okkar [...]“ eigi rætur að rekja til Lúthers.³⁴ Þar með beinir höfundur athyglinni að því ögrandi viðfangsefni að greina áhrif Lúthers og siðbótarinnar í samtímanum.

Skýrustu „fingraför“ Lúthers telur Karl vera að finna í túlkun okkar á hvað kristindómurinn sé en hún hvíli á enduruppgötvun hans „[...] á hinum náðuga og frelsandi Guði, sem hvert og eitt okkar stendur andspænis“.³⁵ Bendir Karl á að samkvæmt kenningum Lúthers séu allir menn jafnir frammi fyrir Guði óháð stétt, stöðu og skoðunum. Í þessum trúarlega mannskilningi Lúthers telur Karl vera að finna „[...] frjókorn jafnréttishugsjónar og lýðræðis Vesturlanda“.³⁶

Þá telur Karl að við eigum Lúther að þakka þá aðgreiningu trúar og ríkisvalds sem einkennt hefur Vesturlönd á síðari öldum.³⁷ Þessa tvískiptingu telur hann vera afleiðingu af svokallaðri tveggja ríkja kenningu sem leidd hefur verið út af ritum Lúthers og hann telur að hafi reynst „[...] virkt mót-eitur gegn hvers kyns guðveldistilburðum kirkjunnar og tilkalli ríkisins til yfirráða yfir trú og samvisku þegna sinna“.³⁸

³⁴ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther: Ævi — áhrif — arfleifð*, [Reykjavík]: Skálholtsútgáfan, [2017], bls. 86.

³⁵ Sama rit, bls. 87.

³⁶ Sama rit, bls. 87.

³⁷ Sama rit, bls. 86. Sjá og Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál í lútherskum sið“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther, er baldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 141–152, hér bls. 141–142, 151–152.

³⁸ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86. Sjá og Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther, er baldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 103–117, hér bls. 107–110. Sjá Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar: Um fátækraframferlu á síðmiðöldum og hrun hennar“, *Saga* XXI: 2/2003, bls. 91–126, hér bls. 122.

Ennfremur staðhæfir Karl að Marteinn Lúther sé „[...] guðfaðir hins vestræna lýðræðissamfélags, menntunar, jafnræðis og almennrar þátttöku borgarbúa“.³⁹ Þessu álitur hann Lúther hafa komið til leiðar með því að vísa okkur veginn „[...] til að verða sjálfstæðir, frjálsir einstaklingar, í samfélagi þar sem allir njóta virðingar og séu kallaðir til að gegna mikilvægu hlutverki í sköpunarverkinu“.⁴⁰ Í því sambandi nefnir hann einkum að Lúther hafi viljað að bæði drengir og stúlkur lærðu að lesa, skrifa og reikna. Þá hafi hann líka viljað að „[...] þau lærðu að verða gott, kristið fólk og nýtir samfélagsborgarar. Það væri samfélagsleg skylda að innræta börnunum góð gildi [...]“.⁴¹ Því hafi Lúther lagt grunninn að almennum barnaskóla.

Þessu skylt er að Karl telur loks að norræn velferðarsamfélag nútímans eigi rætur að rekja til lúthersku siðbótarinnar, nánar tiltekið kröfu hennar „[...] um samfélagslega ábyrgð og skyldur hins opinbera við þau sem efnahagslega og félagslega eru á útjöðrum samfélagsins“.⁴²

Fyrsta staðhæfing Karls Sigurbjörnssonar, þ.e. að hugmyndir „okkar“ um kristindóminn séu mjög mótaðar af áhrifum Lúthers skal ekki dregin í efa svo framarlega sem átt sé við þau sem fylgja þjóðkirkjunni að málum. Hún er samkvæmt stjórnarskrá bundin af því að vera evangelísk-lúthersk og meðal fimm játningarrita hennar eru *Fræðin hin minni* (1529) eftir Lúther og auk þess Ágsborgarjåtningin í upphaflegri gerð (1530) sem vissulega var samin af Filippusi Melanchthon (1497–1560) samverkamanni Lúthers en hefur gegnt lykilhlutverki við að skilgreina kenningu lúthersku kirkjunnar allt til þessa dags.⁴³ Eðlilegt er því að litið sé á Lúther sem helsta hugmyndafræðing og kirkjuhöfundur þjóðkirkjunnar. Öðru máli gegnir ef átt er við íslenskt samfélag í heild. Það getur tæpast talist lútherskt lengur nema þá í sögulegum skilningi.⁴⁴ Hér verður ekki frekar fjallað um þessa guðfræðilegu hlið málsins. Hinar staðhæfingarnar fela í sér að upphaf nútímalegs samfélags sem byggt er á frelsi, jöfnuði, mannréttindum, velferð og menntun megi rekja til lúthersku siðbótarinnar. Samkvæmt því viðmiði sem lagt er til grundvallar

³⁹ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86. Sjá og Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, bls. 110–111, 112–114.

⁴⁰ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86.

⁴¹ Sama rit, bls. 86.

⁴² Sama rit, bls. 86. Sjá og Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, bls. 114–116.

⁴³ Carl Henrik Martling, *Svenskt kyrkoxikon: En kortfattad teologisk uppslagsbok*, Skellefteå: Artos, 2005, bls. 35

⁴⁴ Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk?“, bls. 86–93.

við afmörkun „lútherskra áhrifa“ í þessari grein jafngildir þessi túlkun að lútherska siðbótin sé nauðsynleg forsenda þeirra þátta nútímavæðingarinnar sem hér voru taldir. Sú túlkun þarf vissulega athugunar við og verður frekar vikið að ýmsum þáttum hennar síðar.

Riti Karls Sigurbjörnssonar um Lúther er sýnilega ekki ætlað að vera strangfræðilegt heldur er markmið þess að gefa yfirlit yfir sögu Lúthers og samtíma hans út frá þeirri grundvallarafstöðu að þetta efni eigi erindi við almenna lesendur í nútímanum. Áþekkt mat á áhrifum siðbótarinnar kemur þó einnig fram í viðamesta fræðiritinu sem kom út hér á landi í tengslum við nýafstaðið siðbótarár, þ.e. *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu* eftir dr. Gunnar Kristjánsson.⁴⁵ Gunnar bendir á að siðbótartíminn hafi verið talinn með þýðingarmestu og jafnframt mest heillandi tímabilunum í þýskri sögu og honum verið líkt við skeið byltingarinnar í franskrri sögu. Jafnframt bendir hann á að Lúther sé talinn sá Þjóðverji sem markað hafi dýpst spor í veraldarsögunni „[...] á undan og ásamt [...]“ Karli Marx og megi sjá áhrif hans á sviði menningar, mennta, myndlistar, mannlífs, atvinnulífs og hins pólitíska landslags álfunnar.⁴⁶ M.a. álitur Gunnar að með hugmyndum sínum um almennan prestdóm hafi Lúther sett fram „[...] róttæka kenningu um almennt lýðræði [...]“ er vísað hafi fram til upplýsingarinnar og nútímans.⁴⁷ Hann bendir og á að margir hafi litið svo á að grunninn að hinu norræna velferðarsamfélagi megi rekja til starfs siðbótarmanna.⁴⁸ Þess skal getið að í þessu sambandi fjallar Gunnar um þróunina á kjarnasvæði siðbótarinnar en bendir á að áhrifin hafi borist um víða veröld.⁴⁹ Gunnar vísar þó einnig að áhrifum siðbótarinnar á Íslandi. Telur hann að með starfi ungra siðbótarmanna hér hafi nýtt tímabil hafist í íslensku samfélagi, þar sem fátt var undan skilið. Þá hafi borist hingað ný áhersla „[...] á menntun alþýðunnar, á skóla og heimilisguðrækni, [...]“.⁵⁰ Loks gerir Gunnar ráð fyrir miklum áhrifum siðbótarinnar á stjórnskipan og stjórnslu í landinu er valdið hafi umskiptum í þjóðlífinu en fjallar þó ekki um þá hlið. Mest telur Gunnar að áhrifin hafi þó vissulega verið á trúarmeninguna.⁵¹

⁴⁵ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*.

⁴⁶ Sama rit, bls. 13, 393.

⁴⁷ Sama rit, bls. 393.

⁴⁸ Sama rit, bls. 401–402.

⁴⁹ Sama rit, bls. 402.

⁵⁰ Sama rit, bls. 357, sjá og 358.

⁵¹ Sama rit, bls. 358–359.

Síðaskipti og síðbreyting

Augljósustu og yfirgripsmestu áhrifin af starfi Lúthers og annarra síðbótar-
manna á 16. öld fólust í að kirkjan í Þýskalandi og í framhaldinu víðar um
norðanverða Evrópu klofnaði í ólíkar kirkjudeildir: rómverk-kaþólska, ang-
líkanska og kalvínska eða reformerta auk hinnar lúthersku. Starf hinna ýmsu
síðbótarfrömuða skipti þar vissulega meginmáli en einnig margháttuð pól-
ítísk eða jafnvel persónuleg málefni eins og hjúskaparmál Englandskonungs
svo dæmi sé tekið af anglíkónsku síðbótinni.

Í framhaldinu lögfestu svo ríki, borgir eða önnur sjálfstjórnarsvæði
kristindómstúlkun innan sinna vébanda sem sótt var til einhverrar af þessum
nýju kirkjudeildum. Afleiðingin varð sú að hin sameinaða miðalda-kaþólska
Evrópa eins og hún hafði þróast frá miðri 11. öld klofnaði upp í kirkju-
deildarlega skilgreind játningaríki (e. *confessional state*) og ríkiskirkjur sem
mynduðu tvær samhverfar stofnanir sem studdu hvor aðra og lutu a.m.k.
í ytri kirkjumálum stjórn sama fursta, borgarráðs eða annars þess sem fór
með æðstu veraldlegu völd á svæðinu. Þessi trúarpólítíska þróun kallast hér
síðaskipti. Í þröngri merkingu rúmar það heiti þó tæpast þróunina á þeim
svæðum sem héldu tryggð við vald páfa í andlegum efnum þótt sambæri-
legar breytingar yrðu þar víða á sambandi ríkis og kirkju.⁵² Hér er heitið
þó látið ná yfir trúarpólítískar breytingar í Evrópu á 16. öld hvort sem þær
urðu í löndum mótmælenda eða hinum rómversk-kaþólska hluta álfunnar. Í
greininni nær það því bæði til þess sem á ensku kallast *reformation* og *counter-
reformation* en á síðari áratugum er síðara fyrirbærið líka oft nefnt *catholic
reformation*.⁵³

Helsta einkenni síðaskiptanna í þessari útvíkkuðu merkingu felst í sam-
runa ríkisvalds og kirkjustjórnar a.m.k. í ytri málum. Sú þróun mótaðist af
tveimur mikilvægum forsendum en auk síðbótarinnar og viðbrögðum valda-
stéttanna við henni skipti framkoma miðstýrðs ríkisvalds á kostnað lénskerfis
fyrri alda sköpum í þessu efni.⁵⁴ Af þessum sökum er ekki mögulegt að líta

⁵² Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými: Hugleiðing um heiti og hugtök í síðaskipta-
rannsóknunum“, *Ritið* 3/2014, bls. 192–229, hér bls. 225–228.

⁵³ Per Ingesman, „Kirke, stat og samfund i historisk perspektiv“, *Den nordiske protes-
tantisme og velfærdsstaten*, ritstj. Tim Knudsen, Århus: Center for europæisk kirkeret
og kirkekundskap, Aarhus Universitetsforlag, 2000, bls. 65–86, hér bls. 80. Sjá og
Carsten Bach-Nielsen, „1500–1800“, bls. 163.

⁵⁴ Robert von Friedeburg, „Church and State in Lutheran Lands, 1550–1675“, *Lut-
heran Ecclesiastical Culture, 1550–1675*, ritstj. Robert Kolb, Brill's Companions to
the Christian Tradition: A series of handbooks and reference works on the intellec-
tual and religious life of Europe, 500–1700 11, Leiden: Brill, 2008, bls. 361–410. Sjá

á trúarpólitíska þróun á árnýöld sem áhrif af lúthersku siðbótinni einni né heldur siðbótinni einni og sér þótt líka sé tekið tillit til kalvínskrar, anglík-anskrar og rómversk-kaþólskrar siðbótar. Þróun nútímalegs ríkisvalds skipti einnig miklu í þessu sambandi. Hér er lítið á þetta tvennt sem samtímalega og tengda atburði og höfðu báðir áhrif í þeirri trúarlegu og pólitísku þróun sem hófst hér í tíð Kristjáns III. og náði hástigi sínu í einvaldsríki 17. og 18. aldar.⁵⁵ Vissulega er lútherska siðbótin nauðsynleg forsenda siðaskiptanna hér á landi auk þróunar danska einvaldsríkisins. Breytingarnar á kalvínskum, anglíkönskum og jafnvel rómversk-kaþólskum svæðum sýna samt sem áður að sambærileg þróun hefði að öllum líkindum átt sér stað hér um svipað leyti þótt siðbótin hefði ekki orðið undir lútherskum formerkjum.

Á tímabili játningaríkisins, frá 16. öld til ofanverðrar 19. aldar, ríkti ekki trúfrelsi heldur bar þegnunum að játa þá trú sem yfirvöldin höfðu lögfest. Af þeim ástæðum er ekki mögulegt að líta svo á að siðbótin hafi bundið endi á tilkall „[...]ríkisins til yfirráða yfir trú og samvisku þegna sinna“ svo vísað sé til fyrrgreindrar túlkunar Karls Sigurbjörnssonar.⁵⁶ Frekar má halda því fram að hún fái staðist er hann segir siðbótina hafa reynst „[...] virkt mót-eitur gegn hvers kyns guðveldistilburðum kirkjunnar [...]“.⁵⁷ Eins og fram hefur komið og betur verður vikið að síðar jók siðbótin þó ekki aðskilnað ríkis og kirkju eins og af þessari túlkun mætti ráða heldur þvert á móti. Slík þróun var enda uppi hvarvetna um álfuna um þessar mundir sökum vaxandi afskipta ríkisvaldsins á öllum sviðum.

Í kjölfar siðaskipta hófst langvinn og samhæfð viðleitni ríkisvalds og kirkjuleiðtoga til að móta trúarhugmyndir, hugarfar og siðferði þegnanna að þeirri kristindómstúlkun sem lögfest hafði verið á hverjum stað. Stóð þetta mótunarstarf yfir öldum saman og var liður í að efla trúarlega samstöðu yfirvalda og þegna og tryggja með því trúar-, menningar- og félagslega einingu einstakra ríkja eða sjálfstjórnarsvæða. Hér kallast þessi þróun siðbreyting.⁵⁸

Siðbreytingin var öðrum þræði viðleitni hins miðstýrða ríkisvalds til að festa sig í sessi. Það vék lénskerfinu úr vegi og krafðist skýrari löggjafar, virkari stjórnýsly, víðtækara skipulags, reglufestu, samstöðu og einingar en

Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 122.

⁵⁵ Sjá Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan: Stjórnskipunarsaga 16. aldar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013, bls. 13.

⁵⁶ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86. Sjá og Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, bls. 107–110. Sjá Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 122.

⁵⁷ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86.

⁵⁸ Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými“, bls. 225–228.

verið hafði á miðöldum þegar tengsl þegna og yfirboðara voru á persónulegri nótum en nú varð.⁵⁹ Litið var svo á að samhæfð eining hins andlega og veraldlega sviðs þjónaði þessum markmiðum best. Skipti þá litlu hver kirkjudeildarlegur grundvöllur samfélagseiningarinnar var.⁶⁰ Greinir þetta sig mjög frá því nútímalega sjónarmiði að skilja beri að hið trúarlega og veraldlega svið í nafni einstaklingsfrelsis og mannréttinda. Hér er því litið svo á að siðbreytingin sé líkt og siðaskiptin öðrum þræði til komin vegna þróunar ríkisvaldsins á árnýöld. Hefði sú þróun ekki verið uppi má leiða líkur að því að siðbótin hefði ekki öðlast eins víðtækar pólitískar og samfélagslegar tengingar og raun ber vitni og hugsanlega hlotið sömu örlög og ýmsar endurskoðunar- og endurreisnarhreyfingar í kirkjunni á miðöldum.

Í þeirri kortlagningu á áhrifum siðbótar Lúthers hér á landi sem fram fer í þessari grein verður ekki fjallað ítarlegar um þessa tvo stóru fylgihnetti siðbótarinnar, siðaskipti og siðbreytingu.⁶¹ Þvert á móti verður leitast við að gefa orðinu áhrif þrengri og sértækari merkingu á ýmsum sviðum kirkju, samfélags og menningar. Sú þrískipting á þó fremur við um siðari tíma en 16. öldina þegar sérhæfing og sundurgreining í samfélaginu var sýnu minni en nú er.

Áhrif Lúthers á kirkju og trúariðkun

Áhrif Lúthers og siðbótarinnar urðu víðtækust og langæjust á sviði trúar og kirkju. Hér verður ekki fjallað um guðfræðikenningar Lúthers sérstaklega né áhrif þeirra hér í þröngum skilningi. Athyglinni verður þvert á móti beint að trúariðkuninni og umhverfi hennar, einkum guðsþjónusturýminu, klaustrunum og loks breyttri stöðu prestastéttarinnar.

Samhengi á sviði trúariðkunar

Frá fornu fari hefur kristin trúariðkun átt sér stað á tveimur sviðum. Annars vegar hefur hún farið fram í sameiginlegri guðsþjónustu safnaðar og þá í kirkjum. Hins vegar hefur hún átt sér stað í einkarými og þá einslega eða í þröngum hópi t.d. á heimilum. Því má ræða um tvenns konar guðrækni, heimilis- og kirkjuguðrækni. Mikið samhengi hefur ríkt á þessu sviði í trúarsögu þjóðarinnar. Samt má ætla að siðbótin hafi haft margháttuð áhrif

⁵⁹ Samkvæmt gamla fyrirkomulaginu hlutu menn lén eða umboð gegn trúnaðareiðum og/eða leigum og afgjöldum.

⁶⁰ Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, bls. 105–106.

⁶¹ Vissulega eru mörg einstök atriði sem hér verður fjallað um þættir í siðbreytingunni eins og a.m.k. stundum verður vikið að.

á sviði trúariðkunar þótt horft sé fram hjá einstökum guðfræðilegum kenningum.

Vitneskja okkar um guðrækni á miðöldum er takmörkuð. Í *Jóns sögu helga* er Jón Ögmundsson Hólabiskup (1106–1121) talinn hafa komið fastri skipan á kristnihald í biskupsdæmi sínu. Þar segir að hann hafi boðið almenningi að sækja tíðir í kirkju á öllum helgum dögum en þar skyldu prestar stöðugt rifja upp þau atriði trúarinnar sem ætlast var til að fólk kynni. Auk þess átti fólk að biðjast fyrir kvölds og morgna í kirkju eða við kross en m.a. var ætlast til að fólk hefði krossmark í híbýlum sínum „[...] til gæzlu sjálfum sér“.⁶² Á miðöldum voru kirkjur og bænhús mun víðar en síðar varð og auk þess má gera ráð fyrir að krossar hafi víða verið reistir utanhúss heima við bæi eða við alfaraleiðir.⁶³ Þegar fólk vaknaði skyldi það signa sig og fara með trúarjátninguna, þá átti að signa sig fyrir máltíðir og svefn en á kvöldin var líka ætlast til að farið væri með trúarjátninguna og faðirvorið. Ennfremur skyldi beðist fyrir sjö sinnum yfir daginn og þá líklega með signingu og þessum sömu helgitextum.⁶⁴ Sumar þessara bæna kunna að hafa farið fram við krossmark heimilisins en ella þar sem fólk var statt hverju sinni við störf líkt og enn er títt hjá múslimum. Hér er lýst þeirri trúariðkun sem kirkjuyfirvöld á ritunartíma sögunnar á 14. öld vildu að væri iðkuð og sagt var fyrir um í fræðslu- og boðunarritum kirkjunnar.⁶⁵ Óvíst er á hinn bóginn um framkvæmdina. Á miðöldum hefur heimilisguðræknin þó líklega einkum samanstáð af signingu, trúarjátningu og bænum, faðirvorinu en líka Maríubænum.

Heimilisguðrækninni var ætlað að semja tilbeiðsluhætti þjóðarinnar að kristinni siðmenningu. Sama máli gegndi um skriftirnar sem voru tæki í höndum kirkjunnar manna til að vaka bæði yfir trú fólks og breytni. Til að auðvelda prestum þetta voru gefin út svokölluð skriftaboð og eru skriftaboð Þorláks helga Þórhallssonar Skálholtsbiskups (1178–1193) þekktust innlendra hjálpartækja af þessu tagi.⁶⁶ Með skriftunum öðlaðist kirkjan mikilvægt tæki

⁶² „Jóns saga ins Helga“, *Biskupa sögur* I síðari hluti — Sögutextar, Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foot gáfu út, Íslensk fornrit XV, ritstj. Jónas Kristjánsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003, bls. 173–316, hér bls. 207–208.

⁶³ Sama rit, bls. 207–208, nmgr. 4.

⁶⁴ Sama rit, bls. 208–209.

⁶⁵ Sama rit, bls. 207–208, nmgr. 4. *Íslensk bómilíubók: Fornar stólræður*, Sigurbjörn Einarrson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson rituðu inngang, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1993, bls. 163–166.

⁶⁶ *Íslenskt fornbréfasafn* I, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857–1876, bls. 237–244. Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á

til að ástunda félagslegt aðhald meðal almennings auk heimilisguðrækninnar.

Í *Fræðunum minni* gekk Lúther út frá að trúariðkun á heimilum væri því nær eins hátt að og lýst var hér framar.⁶⁷ Þá gaf hann ýtarleg fyrirmæli um borðbænir.⁶⁸ Athyglisvert er að við könnun á trúarháttum í íslenska bændasamfélaginu á síðari öldum er ekki að sjá að þær hafi almennt verið viðhafðar. Kann það að stafa af sérstöku formi máltíðarsamfélagsins hér. Þótt heimilismenn mötuðust nokkurn veginn á sama tíma sat hver á sínu rúmi og neytti matar sem honum var skammtaður í eigin aski. Máltíðin hefur því fengið á sig einstaklingslegri blæ en þar sem setið var til borðs og jafnvel borðað úr sömu skál eða fati. Kann það að hafa mótað alla umgjörð máltíðarinnar og leitt til þess að bænin hafi verið beðin í hljóði og hún fallið í gleysku.⁶⁹

Eftir því sem lengra leið frá siðaskiptum tók heimilisguðræknin að ein-skorðast við kvöld- og morgunbænir auk þess sem húslestur þróaðist í takt við að læsi fór í vöxt. Húslestur var nokkurs konar heimilisguðsþjónusta þar sem lesin var hugvekja eða predikun úr húslestrarbók, beðist fyrir og sunginn sálmur í upphafi og lok.⁷⁰ Með hugvekjuni færðist áherslan frá bænnum og lofgjörð yfir á fræðslu og boðun.

Eftir siðaskipti var áfram ætlast til að almenningur sækti guðþjónustu á helgum dögum þegar embættað var í sóknarkirkju hvers og eins en þær voru almennt hinar sömu og áður. Guðsþjónustuformið breyttist heldur ekki í grundvallaratriðum. Þeir messuliðir sem pápískastir þóttu og flestir tengdust kvöldmáltíðinni voru felldir brott en í staðinn kom lútherskur sálmasöngur og predikun á móðurmáli varð að þungamiðju guðsþjónustunnar. Þá var líklega tekið að hafa kvöldmáltíðir sjaldnar um hönd þótt óvíst sé að það hafi haft áhrif á altarisgönguhætti hvers og eins. Almenningur fékk nú aftur á móti að neyta bæði brauðs og víns. Mesta breytingin á guðsþjónustunni fólst í því að hún fór í vaxandi mæli fram á íslensku uns hún var alfarið orðin guðsþjónustumál kirkjunnar. Nokkurn tíma hefur tekið að aðlaga guðsþjónustuhald hér að nýjum siðum enda skorti framan af öll hjálpargögn til þess. Festa hefur þó komist á í framhaldi af útgáfum fyrstu prentuðu helgi-

Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 32–34.

⁶⁷ Marteinn Lúther, „Fræðin minni“, *Marteinn Lúther, Úrval rita 2*, aðalþýðandi Gunnar Kristjánsson sem jafnframt bjó ritin til útgáfu, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2018, bls. 277–301, hér bls. 296–297.

⁶⁸ Sama rit, bls. 297–298.

⁶⁹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning V*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér bls. 310, 311–312, 336.

⁷⁰ Sama rit, bls. 292–312.

siðabókanna og þá einkum messusöngs- og sálmaþókarinnar *Graduale* (þ.e. Grallarans) 1594.⁷¹

Nýjar rannsóknir á tveimur íslenskum söngbókarbrotum sem varðveitt eru í handritum á konunglega bókasafninu í Stokkhólmi gefa nokkra innsýn í fyrsta mótunartímabil lútherskrar guðsþjónustu. Benda þau til að messusöngur hafi verið mismunandi ekki aðeins milli biskupsdæmanna heldur milli einstakra sókna innan þeirra. Þá kunni prestar ýmist að hafa sungið á latínu eða móðurmáli en handritin hafa að geyma texta á báðum málunum og kirkjuskipan Kristjáns III. rúmaði slíkan breytileika. Handritin hafa að geyma ýmsa texta úr gregorskum kirkjusöng miðalda sem tilheyrðu ýmist messu- eða tíðasöng sem snúið hefur verið á íslensku. Í þýðingunum hefur sumum textunum þar sem María stóð upphaflega í forgrunni þó verið snúið upp á Krist. Brotin sýna fram á að gera verður ráð fyrir umtalsverðu samhengi í messusöngnum milli kaþólsks og lúthersks siðar og að markvissar tilraunir hafi verið gerðar til að byggja lútherskt helgihald á hinum forna messu- og tíðasöng.⁷² Tíðasöngurinn hefur þó einkum verið stundaður við skólana á biskupsstólunum.⁷³

Mikilvægt er að skriftaskyldan féll ekki niður með siðaskiptum. Þvert á móti bar altarisgöngufólki áfram að skrifa fyrir kvöldmáltíð. Skriftirnar þróuðust þó úr játningu einstakra syna yfir í nokkurs konar próf í kristnum fræðum. Samhliða því féllu skriftaboð miðaldanna úr gildi. Einstaklingsbundnar skriftir héldust fram um miðja 18. öld en tóku þá að víkja fyrir sameiginlegum skriftum a.m.k. í fjölmönnum sóknum.⁷⁴ Slíkar skriftir lifa raunar enn í almenri syndajátningu og aflausn í sunnudagsguðsþjónustum þegar altarisganga fer fram.⁷⁵

Þrátt fyrir ýmsar breytingar sem líklega hafa fremur komið fram sem

⁷¹ Áður hafði Marteinn Einarsson Skálholtsbiskup (1549–1556) gefið út handbók fyrir presta (1555) og Ólafur Hjaltason Hólabiskup (1552–1569) gefið út guðspjallabók (1562). Einar Sigurbjörnsson, „Grundvöllur lagður að helgihaldi“, *Frá siðaskiptum til upphýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 63–68.

⁷² Handritabrotin eru að öllum líkindum frá tímabilinu 1540–1570 eða jafnvel 1544–1555. Árni Heimir Ingólfsson, „Tvö íslensk söngbókarbrot frá 16. öld í Stokkhólmi“, *Gripla* XXIX, 2018, bls. 7–33. Sjá og Guðrún Nordal, „Á mörkum tveggja tíma: Kaþólskt kvæðahandrit með hendi siðbótarmanns, Gísla biskups Jónssonar“, *Gripla* XVI, 2005, bls. 209–228, hér bls. 217, 226.

⁷³ Jón Þórarinnsson, „Latnesk tíðasöngsbók úr lútherskum sið“, *Ritmennt: Ársrit Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns* 6, 2001, bls. 67–82, hér bls. 74–80.

⁷⁴ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 226–228.

⁷⁵ *Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð, 1981, bls. 8, 11, 24.

langtímaþróun en skyndileg bylting hefur sem sé umtalsverð festa ríkt í guðrækninni. Mikilvæg breyting hefur þó falist í að siðbótarmenn höfnuðu dýrlingum sem meðalgöngurum Guðs og manna sem mögulegt var að ákalla og vænta hjálpar af hvort sem um stundlega erfiðleika eða sáluhjálp fólks var að ræða. Áfram mátti þó líta á dýrlinga sem fyrirmyndir í staðfastri trú. Þessi endurskoðun hefur vissulega ekki aðeins haft áhrif á trúarskoðanir heldur einnig trúariðkun og umhverfi hennar (sjá síðar). Svo föstum fótum sem dýrkun dýrlinga hefur ugglaustr staðið hér á miðöldum eins og annars staðar má þó ætla að brotthvarf þeirra hafi orðið á tímabili sem spannaði einhverjar kynslóðir og því fremur verið hluti af siðbreytingunni en siðbótinni eða siðaskiptunum sem slíkum. Afstaða kirkjumanna til dýrlinga var einnig mishörð og fór einnig eftir því hvaða dýrlingar áttu í hlut. Postular, guðspjallamenn og María guðsmóðir stóðu best af sér breytinguna vegna tengsla sinna við Krist. Í því sambandi má t.d. benda á Maríukveðskap Brynjólfs Sveinssonar (1605–1675) en í biskupshring hans var einnig greipt mynd af Maríu með barnið.⁷⁶

Raskaðist guðþjónusturýmið?

Hluti af því viðhorfi sem hér er nefnt Aldasöngs-syndrómið er sú skoðun að mikil röskun hafi orðið á guðþjónusturými kirkjunnar í kjölfar siðbótarinnar, þ.e. á kirkjuhúsunum og innanbúnaði þeirra. Þannig hefur verið ályktað að við siðaskipti hafi fjöldi kirkjugripa frá miðöldum glatast, líkneski og myndir verið fjarlægð úr kirkjum og þeim fargað auk þess sem helgigripir úr góðmálum hafi verið fluttir úr landi.⁷⁷ Nokkurs endurmats hefur þó gætt í þessu efni á síðari árum.⁷⁸

Siðbótin kippti ekki aðeins grundvelli undan dýrlingadýrkuninni. Sama máli gegndi um sálumessur og aðrar einkamessur sem sungnar voru ein-

⁷⁶ Einar Sigurbjörnsson, „Ad beatam virginem“, *Brynjólfur biskup: Kirkjuböfvingi, fræðimaður og skáld: Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005*, ritstj. Jón Pálsson o.a., Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006, bls. 64–77. Sigrún Á. Eiríksdóttir, „Ad beatam virginem VII, nokkrar hugleiðingar“, *Brynjólfur biskup: Kirkjuböfvingi, fræðimaður og skáld: Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005*, ritstj. Jón Pálsson o.a., Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006, bls. 78–89. Sjá og Guðrún Nordal, „Á mörkum tveggja tíma“, bls. 223–225.

⁷⁷ Þetta viðhorf kom glöggst fram í tímamótaverki Björns Th. Björnssonar listfræðings um íslenska myndlist á 19. og 20. öld. Sjá Björn Th. Björnsson, *Íslensk myndlist*, bls. 7–11.

⁷⁸ Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili: Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, JPV útgáfa, 2005, bls. 9, 15–17.

staklingum til blessunar, lífs eða liðnum, t.d. eftir áheitum fólks í lífs-háska. Þá breyttist kvöldmáltíðar- og embættisskilningur kirkjunnar mikið. Olli þetta því að messan þróaðist úr dulúðugri helgiathöfn þar sem fórn Krists var endurnýjuð í altarissakramentinu (sbr. messufórnarkenninguna) yfir í safnaðarguðsþjónustu með predikunina sem þungamiðju. Hlutverk prestsins breyttist einnig frá því að vera lítúrgískur helgiþjónn yfir í að vera boðandi og fræðari. Þessar breyttu fræðilegu forsendur opnuðu fyrir margháttaðar breytingar á guðsþjónusturýminu. T.d. nægði nú að hafa eitt altari í kirkjum og mögulegt varð að fjarlægja úr þeim útölturu og þann umbúnað og áhöld sem þeim fylgdi.⁷⁹ Við einföldun ýmissa helgisiða urðu einnig fjölmargir kirkjugripir óþarfir og úreltir sem opnaði á að þeim yrði fargað eða þeir færu forgörðum á annan hátt. Breytt afstaða til dýrtinganna olli því svo að dýrtingamyndir misstu fyrra gildi sitt við tilbeiðsluna og sums staðar var myndum og gripum eytt eins og í Wittenberg meðan Lúther dvaldi í Wartburg (1521–1522). Lúther vildi þó sjálfur að farið væri hægt í sakirnar í að bylta guðsþjónusturýminu líkt og hann vildi að helgisiðum væri ekki raskað meira en brýna nauðsyn bar til.⁸⁰

Hér á landi virðist hafa gætt hófsemi ef ekki fastheldni hvað varðar inn-réttingu og búnað kirkna. Kemur það best fram í að hér hélst aðgreining framkirkju og kórs með kórþili allt fram á síðari aldir eins og enn má sjá í elstu kirkjum landsins. Allar trúfræðilegar forsendur skortir þó fyrir þeirri skiptingu í lútherskum sið.⁸¹

Líklegt er að klausturkirkjur sem féllu undir konung við upptöku klaustureigna hafi orðið verst úti þegar á siðaskiptatímanum, þær hafi vikið fyrir minni kirkjum og að verðmæti hafi verið fjarlægð úr þeim. Gripunum átti samkvæmt konungsbréfum að deila út til kirkna sem þurftu á auknum búnaði að halda. Annað hefur verið sent konungi upp í svokallaða landshjálp eftir greifastríðið í Danmörku.⁸² Ekki er þó ástæða til að ætla að breytingin á

⁷⁹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 114–124.

⁸⁰ Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili*, bls. 14–15. Steinunn Kristjánsdóttir sem almennt virðist ekki aðhyllast það endurmat sem átt hefur sér stað varðandi myndbrot á siðaskiptatímanum (sjá framar) hefur sýnt fram á hvernig rekja má „eðlilega“ fækkun kirkjugripa að Þykkvabæ á 17. og 18. öld. Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 217–220. Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, bls. 165–186.

⁸¹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 117–120.

⁸² *Íslenskt fornbréfasafn XIII*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933–1939, bls. 480–481, 625. *Íslenskt fornbréfasafn XIV*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1944–1949, bls. 352–353, 354–355.

klausturkirkjunum hafi gengið fyrir sig í skjótri svipan heldur hafi eimt eftir af fornri frægð þeirra fram á 17. og jafnvel 18. öld.⁸³ Dæmi um slíkt er þekkt frá Reynistaðarklaustri. Aðfaranótt 5. desember 1640 fauk þar

[...] það litla hvolfda trévirkishús [...] sem verið hafði sancta sanctorum þeirrar miklu trékirkju, sem forðum var á Reynistað, og Jón Jónsson lögmaður hafði látið ofan taka, þá nær fyrir 70 árum, er hann hélt Reynistaðaklaustur.⁸⁴

Hér kemur fram að upp úr 1570 hafði Jón (1536–1606) klausturhaldari og lögmaður látið rífa gömlu klausturkirkjuna. Þá voru aðeins um 20 ár liðin frá siðaskiptum í biskupsdæminu og má líta á það sem fremur skjótar aðgerðir. Helgasti hluti kirkjunnar stóð þó enn þegar 90 ár voru liðin frá siðaskiptum. Ólíklegt er að hann hafi verið rúinn öllu skrauti og búnaði þar sem honum var sýnd slík tryggð. Ástæða er til að ætla að gömlu klausturkirkjurnar eða einstakir hlutar þeirra hafi staðið uppi jafnvel lengur en þarna greinir. Arftakar þeirra voru heldur ekki lítilsigld guðshús. Í *Seiluannál* segir er öld var liðin frá siðaskiptum í Hólabiskupsdæmi: „Reist Möðruvallakirkja í Hörgárdal af velli, veglegt hús og vel vandað“.⁸⁵ Þetta var í klausturhaldaratíð Benedikts Pálssonar (1608–1664). Í lok 17. aldar hóf Lauritz Gottrup (1648–1721) lögmaður og klausturhaldari á Þingeyrum svo endurbyggingu kirkju þar „[...] þat var mikil smíd og vöndud, ok stód lengi vel, var hvelft húsit ok tréstólpar miklir undir sívalir“.⁸⁶ Hefur þar eimt eftir af klausturkirkjunum fornu.

Afdrif klausturkirknanna og búnaðar þeirra þurfa svo ekki að hafa neitt verulegt yfirfærslugildi þegar um aðrar kirkjur er að ræða. Þær héldust í eigu og umsjón sömu aðila og áður sem oft voru leikir bændur og höfð-

⁸³ Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptunum?“, *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellshöfði: Erindi flutt á ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri 13.–14. mars 1999, sem haldin var að tilblutan Kirkjubæjarstofu og Skaftafellsprófestsdæmis í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi*, Vík: Dynskógar, Sögufélag Vestur-Skaftfellina, 1999, bls. 158–175, hér bls. 165–170.

⁸⁴ „Annáll Björns lögréttumanns Jónssonar á Skarðsá eða Skarðsárannáll 1400–1640“, *Annálar 1400–1800* 1, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922–1927, bls. 28–272, hér bls. 263. *Sancta sanctorum* (hið allra helgasta) var afþiljaður kór eða n.k. kapella, inn af aðalkór kirkjunnar.

⁸⁵ „Annáll Halldórs lögréttumanns Þorbergssonar eða Seiluannáll 1641–1658“, *Annálar 1400–1800* 1, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922–1927, bls. 273–316, hér bls. 293.

⁸⁶ Jón Espólín, *Íslands Árbækur í sögu-formi* VIII, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1829, bls. 49.

ingjar. Kann það að hafa torvelað biskupum að hlutast til um breytingar þar hafi þeir á annað borð beitt sér fyrir þeim. Í mörgum kirkjum er allt eins líklegt að gripir og myndir hafi fremur gengið úr sér og farið forgörðum í tímans rás eftir því sem kirkjum hnignaði og þegar þær voru endurbýggðar. Ýmislegt bendir því til að hingað til hafi hugmyndir um áhrif siðbótarinnar í þessu efni verið yfirdrífna.⁸⁷ Mun meiri rannsókn á heimildum um venju- legar sóknarkirkjur er í það minnsta þörf áður en nokkuð verður alhæft um áhrif siðbótarinnar á guðsþjónusturýmið, þ.e. hvort hreinsunarstefnu og jafnvel myndbrots hafi gætt eða fastheldni verið ríkjandi.

Klaustur leggjast af

Við siðaskipti lagðist ein tegund kirkjulegra stofnana af án þess að nokkuð kæmi í þeirra stað.⁸⁸ Er þar átt við klaustrin. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur telur að hér hafi alls verið 14 klaustur á miðöldum.⁸⁹ Þau voru þó ekki öll starfrækt samtímis.

Stærð og umfang klaustra er mögulegt að mæla út frá mörgum mæli- kvörðum. Má þar nefna stærð klausturbygginga, fjölda grafa við klaustur- kirkjur, fjölda hjúa og annars leikfólks í áhöfn klaustra, fjölda próventusam- inga sem og lausar og fastar eignir. En íslensku klaustrin skiptu verulegu máli í hagkerfi þjóðarinnar þar sem um 14 prósent allra jarðeigna í landinu

⁸⁷ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 135–138. Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili*, bls. 15. Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti: Þættir úr þróunarsögu“, *Abrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o. a., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 195–214. Gunnar Kristjánsson, „Málverkamyndir, skurðgoð og líkneskjur: Um myndskilning siðbótarmanna og áhrif hans hér á landi í ljósi sögunnar“, *Abrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o. a., Reykja- vík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 215–241. Margaret Cormack, „Voru helgimyndir eyðilagðar á Íslandi? Athugun á varðveislu dýrlingamynda fyrsta ára- tuginn eftir siðaskipti“, *Abrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o. a., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 243–260.

⁸⁸ Á 17. öld voru vissulega stofnaðir hér fjórir spítalar, sjá síðar. Vilborg Auður Ísleifs- dóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 299. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenn- ingar“, bls. 119–120.

⁸⁹ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 31, 57–63. Fjöldi klaustranna ræðst af skilgreiningum. Einkum má benda á að vafi leikur á hvort telja beri munk- lífi í Bæ í Borgarfirði sem klaustur eða trúboðsstöð. Hjalti Hugason, „Ritdómur: *Leitin að klaustrunum: Klausturbald á Íslandi í fimm aldir* eftir Steinunni Kristjáns- dóttur“, Reykjavík: Sögufélag í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, 2017, 600 bls., íslenskur og enskur útdráttur, töflur og skrár“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 45: 2/2017, bls. 64–69, hér bls. 65–66.

heyrðu undir þau. Einn mælikvarðinn er fjöldi vígðs klausturfólks, munka, kanúka og nunna í klaustrunum hverju sinni. Sá mælikvarði hentar vel þegar meta skal áhrif þeirra sem trúarlegra stofnana í þröngum skilningi. Mælt á þann kvarða voru íslensku klaustrin fámenn og sköpuðu aðeins svigrúm fyrir örfáa einstaklinga til að velja annað lífsform en það sem stóð til boða í hinu veraldlega samfélagi. Undir lok klausturtímans mun vígt klausturfólk í Skálholtsbiskupsdæmi hafa verið tæplega tuttugu. Af þeim sökum m.a. má ætla að klaustrin hafi helst nýst fólki af æðri stigum í þessu efni. Einkanlega gegndi þessu máli um nunnuklaustrin þar sem þau voru aðeins tvö hvort í sínu biskupsdæmi.⁹⁰

Klaustrin gegndu margháttuðum félags- og menningarlegum hlutverkum auk hins trúarlega. Má þar m.a. nefna bókmenntastarfsemi, handritagerð og þýðingar en einnig sagnaritun og frumsamningu rita af öðru tagi. Lengi var þetta einmitt talið helsta framlag íslensku klaustranna. Þá má einnig benda á listiðnað ekki síst til kirkjulegra þarfa auk þeirra líknarstarfa (*diakoniu*) og lækninga sem þar hafa vafalítið verið stundaðar. Brotthvarf klaustranna hafði því víðtæk áhrif þótt þau hafi ekki verið fjölmenn hvað vígt klausturfólk áhræði.⁹¹ Samfélagið hefur beitt ýmsum ráðum til að fylla í þau skörð sem hvarf klaustranna olli. Biskupsstólar, auðug prestsetur og síðar spítalar hafa tekið við einhverjum af hlutverkum þeirra. Svo kom ný stofnun til sögunnar, lútherska prestsheimilið sem axlaði margháttuð félagsleg hlutverk. Loks hefur Loftur Guttormsson bent á að klaustrin hafi líklega áfram gegnt markverðu hlutverki sem mennta- og menningarsetur eftir siðaskipti. Þau urðu sum hver mikilvægir kirkjustaðir í lútherskum sið. Þá fyrirskipaði konungur 1575 að djáknar skyldu vera á öllum klaustrum í Hólabiskupsdæmi. Áætlaði Loftur að þriðjungur verðandi presta hafi verið djáknar einhvern tíma áður en þeir tóku vígslu og að djáknastöðurnar hafi þar með haft mikla þýðingu fyrir prestsmentun í biskupsdæminu. Sambærileg skipan komst ekki á í Skálholtsbiskupsdæmi fyrr en 1744 og þá vegna áhrifa píetismans. Gat Loftur sér til að þessi munur á biskupsdæmunum tveimur gæti skýrt

⁹⁰ Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptum?“, bls. 159. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Samfélagshlutverk Skriðuklausturs“, *Skriðuklaustur evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal: Greinasafn*, ritstj. Hrafnkell Lárusson o.a., Skriðuklaustri: Gunnarsstofnun, 2008, bls. 51–61. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 97–103. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 113–117.

⁹¹ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Samfélagshlutverk Skriðuklausturs“, bls. 51–61. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 97–103. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 113–117.

hvers vegna lestrarkunnátta almennings var marktækt meiri í Hólabiskupsdæmi en í öðrum landshlutum en prestar gegndu mikilvægu hlutverki í að efla læsið og hafa líklega notið aðstoðar djáknanna þar sem þeim var til að dreifa.⁹² Á öðrum stöðum og þá sérstaklega í síðari greininni verður vikið að ýmsum félagslegum áhrifum þess að klaustrin voru lögð niður.

Breytt félagsstaða presta

Við siðaskipti gekk prestastétt landsins í gegnum mikla óróleikatíma ef marka má orð Jóns Egilssonar (1548–1636?) í *Biskupa-annál* hans. Að hans sögn létu margir prestar af embætti án þess að mögulegt væri að manna stöður þeirra nema með lítt lærðum mönnum af lágum stigum. Kvað hann því hafa gætt mikils prestaskorts.⁹³ Heimildir leyfa hvorki að þessi mynd sé staðfest né hún hrakin. Samt er vitað að þó nokkrir prestar sem vígðust á kaþólskum tíma héldu áfram í embætti allt fram undir 1600. Gott dæmi um slíkan prest er Sigurður Jónsson á Grenjaðarstað. Hann var sonur Jóns Arasonar og lykilklerkur í biskupsdæminu bæði fyrir og eftir siðaskipti.⁹⁴ Um-talsvert samhengi hefur því ríkt í stéttinni.⁹⁵ Meðan lútherskan var að festast í sessi hefur staða presta þó um margt verið í deiglu.

Hér eins og víða annars staðar hafði gengið illa að framfylgja einlífis-kröfum kirkjunnar. Allar miðaldir virðist fjöldi presta, jafnvel háklerka, hafa haldið frillur eða jafnvel gert kaupmála við konur sem þar með urðu formlegar fylgikonur þeirra líkt og um óvígða sambúð eða borgaralegt hjónaband væri að ræða.⁹⁶ Prestsheimilið var því ekki alger nýjung á siðaskiptatímanum. Í lútherskum sið varð það þó að formlegri félagslegri og kirkjulegri stofnun. Jafnframt varð staða prestskonunnar stórum öruggari og virðingarverðari en verið hafði. Þar með varð jafnframt til nýtt kirkjulegt hlutverk fyrir konur, hin lútherska prestsfrú, sem skapaði mun fleiri konum tækifæri til að öðlast kirkjulega virðingarstöðu en klaustrin áður. Hlutverk maddömunnar

⁹² Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptum?“, bls. 170–173.

⁹³ Hjalti Hugason, „Siðbót og sálarangist“, bls. 67–72.

⁹⁴ Hjalti Hugason, „Frumkvöðull siðbótar á Norðurlandi? Um Sigurð Jónsson á Grenjaðarstað og afskipti hans af siðaskiptunum“, *Saga* LIII: 2/2015, bls. 42–71.

⁹⁵ Hjalti Hugason, „Seigfljótandi siðaskipti: Viðhorf og staðalmyndir í siðaskiptarannsókn“, *Ritið* 1/2018, bls. 165–197, hér bls. 186–189.

⁹⁶ Gunnar F. Guðmundsson, Íslenskt samfélag og Rómakirkja, bls. 206–211. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Hefðarfrúr og almúgakonur á 16. öld“, *Kvennaslóðir: Rit til beiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001, bls. 260–272, hér bls. 261.

mótaðist þó auðvitað fyrst og fremst af stöðu eiginmanns hennar. Athyglisverð eru ummæli um menningarlegt og félagslegt hlutverk prestsetra frá öðrum áratugi 20. aldar þegar mjög var þó tekið að fjara undan þeim. Þar var þeim líkt við „vermireiti byggðanna“ í landinu.⁹⁷ Þá varpa nýútkomnar endurminningar Kristmundar Bjarnasonar (f. 1919) ljósi á þetta hlutverk prestsetra á þriðja og fjórða áratugi aldarinnar.⁹⁸ Höfðu þau þá gegnt líku hlutverki um aldir. Þangað áttu svo einnig margir ýmsum gjöldum og kvöðum að ljúka sem verið gátu íþyngjandi. Prestsetrin áttu að vera fyrirmyndarheimili í sókninni. Þar hlutu piltar lengi undirbúning undir nám í latínuskóla eða jafnvel allt nám sem krafist var við prestsvígslu. Stúlkum var oft komið í vist á prestsetri til að undirbúa þær undir húsfreyjuhlutverkið og fleira mætti telja.

Þegar leið frá siðaskiptunum festist prestastéttin að nýju í sessi og öðlaðist sterka stöðu sem millilag í samfélaginu. Þá var kirkjan viðamikill þáttur í innviðum samfélagsins og prestarnir embættismenn hins opinbera úti í byggðum landsins. Vegna hlutverks síns og vígslu voru þeir greindir frá alþýðunni og gegndu margháttaðu eftirlits-, aðhalds- og mótunarhlutverki gagnvart henni. Með tímanum lagði ríkisvaldið þeim líka margháttað veraldleg hlutverk á herðar. Tekjur þeirra voru þó mjög mismunandi og margir deildu kjörum með bændum. Þá voru menntunarkröfurnar ekki miklar en ekki þurfti meira en að hafa lokið ígildi stúdentsprófs til að öðlast vígslu. Margir prestar greindu sig því ekki félags- og menningarlega frá þorra fólks. Innan um og saman við voru þó hálærðir menn sem nutu góðra kirkjuléna og töldust með höfðingjum. Sumir voru auk þess meðal helstu andlegu og menningarlegu leiðtoga þjóðarinnar.

Allt frá upphafi kristni í landinu og fram á 20. öld var efnahagsleg afkoma presta mjög mismunandi. Allt það tímabil voru tekjur presta og fjárhagsleg afkoma sóknarkirkjunnar á hverjum stað einnig ein órofa heild sem kirkju-eignir stóðu undir. Eignirnar mynduðu aftur á móti ekki samfelldan höfuðstól heldur skiptust þær niður á fjölda kirkjulegra (sjálfseignar-)stofnana:

⁹⁷ Síðhöttur, „Ferðasögur 12. Vestur í Dali“, *Morgunblaðið* 24. september 1916, bls. 3–6, hér bls. 4. Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum“, *Konur og kristsmenn: Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, bls. 215–247, hér bls. 217–226, 246. Arnfríður Guðmundsdóttir, „Lúther og konurnar: Um áhrif Marteins Lúthers á líf kvenna“, *Kvennabaráttu og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 15–60, hér bls. 21–22.

⁹⁸ Kristmundur Bjarnason, *Í barnsminni: Minningaslitur frá bernskuárum*, Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2019.

biskupsstóla, klaustur, prestsetur, sóknarkirkjur og sálu- eða kristsbú. Allar þessar stofnanir voru svo rekstrarlega séð veittar rekstraraðilum — biskupum, ábótum, prestum, kirkjubændum o. fl. — að léni. Sama máli gegndi um klaustrin eftir siðaskipti er þau voru veitt klausturhöldurum að léni sem síðan launuðu prest og djákna (sjá framar) og stóðu undir öðrum kvöðum sem á klaustrunum gátu hvílt. Auk þessa var fjöldi kirkna bændakirkjur allt fram undir 1900 og var þá fjárhagur þeirra og jarðeigendanna samofinn.

Oft er rætt um að konungur hafi gert eigr kirkjunnar upptækar í stórum stíl á siðaskiptatímanum.⁹⁹ Hefur eignarnámið verið talið hafa skaðað samfélagið stórlega vegna þess að konungur hafi tekið eignirnar undir sig og afrakstur þeirra streymt úr landi. Hugmyndir í þessa veru eru fyrirferðarmiklar í því túlkunarviðhorfi sem hér er nefnt Aldasöngs-syndrómið. Lengst hefur líklega verið gengið í þessa átt í umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju beggja vegna aldamótanna 1900. Þá fullyrti t.d. greinarhöfundur sem kallaði sig „L“ og var líklega skammstöfun Lárusar H. Bjarnason (1866–1934) sýslu- og alþingismanns og síðar forstöðumanns Lagaskólans o. fl., að konungur hefði tekið allar kirkjueignir eignarnámi á siðaskiptatímanum.¹⁰⁰ Þessi túlkun er þó hæpin. Svona aðgerð hefði enda kippt grunninum undan rekstri fyrrnefndra kirkjustofnana sem allar nema klaustrin héldu áfram starfi sínu og líka valdið tekjuskerðingu klerkanna. Engar heimildir benda heldur til að slíkt allsherjar eignarnám hafi átt sér stað. Þá hefur ríkisvaldið aldrei haldið þessari skoðun fram þegar á hefur reynt.¹⁰¹

Klaustureignirnar voru vissulega gerðar upptækar við siðaskipti. Þá var það yfirlýst stefna við siðaskipti að setja ætti biskupsembættinu skorður bæði í kirkjulegu og efnahagslegu tilliti. Í stað þess að vera alvaldir kirkjuleiðtogar

⁹⁹ Árni Daníel Júlíusson, *Jarðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000–1550*, Reykjavík: Center for Agrarian Historical Dynamics, 2014, bls. 244–246. Sjá og Viðar Hreinsón, *Jón lærði*, bls. 22. Á þessu sjónarmiði örlar einnig í nýju riti Axels Kristinssonar sem að öðru leyti verður tæpast tengt við Aldasöngs-syndrómið. Sjá Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun?*, bls. 94–95.

¹⁰⁰ L., „Kirkjueignir“, *Þjóðviljinn* 23. árg., 31. tbl., 1909, bls. 121.

¹⁰¹ Hefði þetta verið viðtekin skilningur hefði hið opinbera átt að bera hann fyrir sig 1907 þegar ríkið gekkst í ábyrgð fyrir launum presta með lögum nr. 46/1907 sem og 1997/1998 er gert var samkomulag um fjárframlög og launagreiðslur til starfsmanna þjóðkirkjunnar gegn afhendingu kirkjujarða, svokallað kirkjujarðasamkomulag. Samningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um fjárframlög 4. 9. 1998 og Samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar 10. 1. 1997, *stjornarradid.is*, sótt 2. apríl 2019 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/1998/09/04/Biskup-Islands-kirkjumalaradherra-og-fjarmalaradherra-undirrita-samning-um-fjarhagsleg-samskipti-rikis-og-kirkju/>.

áttu biskupar að verða eins konar yfirprófastar er litu eftir starfi kirkjunnar og leiddu það. Titill þeirra átti meira að segja að breytast og verða *superintendent*.¹⁰² Ekki er að sjá að þessi breyting hafi náð fram að ganga hér er mesta umrótatímabilinu sleppti og biskupar á 16. og 17. öld hafa tæpast haft mikið lakari félagsstöðu en miðaldabiskuparnir í Skálholti og á Hólum. Nú voru biskupar þó vissulega orðnir konungsskipaðir embættismenn. Eignir biskupsstólanna voru þó skertar nokkuð einkum með jarðaskiptum. Ekkert bendir á hinn bóginn til að sóknarskipan landsins hafi raskast við siðaskipti eða að atlaga hafi verið gerð að hagkerfi sóknanna í kjölfar siðaskipta. Fá rök voru enda fyrir slíku í siðbótarguðfræðinni.¹⁰³ Loks má benda á að fjöldi kirkna var í einkaeigu allt frá upphafi kristni í landinu og fram undir 1900. Allsherjar eignaupptaka á jörðum sóknarkirkna hefði því ekki aðeins bitnað á kirkjunum heldur ekki síður leikum jarðeigendum og hefði ugglaust heyrst hljóð úr því horni hefði svo víðtækt eignarnám átt sér stað. Því skal fullyrt að áhrif siðbótarinnar á eignastöðu og hagkerfi íslensku kirkjunnar og samfélagsins hafi oft verið stórum ofmetin.

Hér framar var dregið á að hlutverk prestsins í guðsþjónustunni breyttist. Siðbótarmenn höfnuðu einnig þeim róttæka mun sem gerður var á vígðum og óvígðum á miðöldum. Þess í stað var lögð áhersla á það sem kallað hefur verið almennur prestdómur allra skírðra einstaklinga.¹⁰⁴ Á nýafstöðnu siðbótarafmæli var þetta atriði mörgum íslenskum guðfræðingum hvað efst í huga. Sú túlkun kemur t.d. skýrt fram í viðamiklu riti dr. Gunnars Kristjánssonar að kirkjuskilningur Lúthers hafi einmitt falist í að hann hafi litið á kirkjuna sem grasrótarsamfélag eða söfnuð, þ.e. samfélag leikmanna, en ekki sem hátímbráða stofnun undir styrkri stjórn presta. Auk þess álitur Gunnar eins og fram er komið að Lúther hafi með hugmyndum sínum um almennan prestdóm sett fram róttæka kenningu um almennt lýðræði.¹⁰⁵ Í

¹⁰² „Den danske kirkeordinans, 1539 („Den rette ordinants“), *Kirkeordinansen 1537/1539: Tekstudgave med indledning og noter ved Martin Schwarz Lausten*, Kaupmannahöfn: Akademisk forlag, 1989, bls. 150–244, hér bls. 218–222.

¹⁰³ Höfundur er kunnugt um eitt dæmi þar sem nýr eignaskiptasamningur var gerður milli kirkju og jarðeiganda á siðaskiptatímanum sökum þess að kirkjan var talin eiga eignir langt umfram rekstrarþörf hennar. *Íslenskt fornbréfasafn* XIII, bls. 92–94.

¹⁰⁴ Þessarar kenningar sér m.a. stað í ritinu *Um frelsi kristins manns*. Marteinn Lúther, „Um frelsi kristins manns“, *Marteinn Lúther: Úrval rita* I, aðalþýðandi Gunnar Kristjánsson sem jafnframt bjó ritin til útgáfu, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 173–197, hér bls. 176–177, 183–186, 189, 195–196.

¹⁰⁵ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, bls. 393, 398.

Því sambandi má þó benda á að enn í dag þykir staða presta mjög sterk í íslensku þjóðkirkjunni og því er enn mögulegt að líta á hana sem „presta-kirkju“. Ennfremur ber að gæta þess að enn er sóknin sem er landfræðileg starfs- og rekstrareining skilgreind sem grunneining þjóðkirkjunnar en ekki söfnuðurinn, þ.e. samfélag fólksins í sókninni. Er þetta og fjölmörg önnur ákvæði í gildandi þjóðkirkjulögum ótvíræð vísbinding um hve stofnunarlegur kirkjuskilningur er hér til staðar enn á 21. öldinni.¹⁰⁶ Sýnir þetta að hér hefur kenning Lúthers og samstarfsmanna hans um almennan prestdóm haft afar takmörkuð áhrif og „presta-“, „embættis-“ og „stofnunarkirkja“ því haldist um aldir eftir siðaskipti.¹⁰⁷ Það má svo skýra að hluta til með því að í íslenska fámennis- og dreifbýlissamfélaginu hafi ekki gætt kirkjulegra vakninga fyrr en komið var fram á 20. öld. Af þeim sökum þróaðist ekki starf myndugs, óvígðs fólks í íslensku kirkjunni við hlið presta fyrr en undir lok 19. aldar. Þá fyrst komu söfnuðirnir líka fram sem félagslegar einingar innan kirkjunnar með sameiginleg réttindi og skyldur er kjörnar sóknarnefndir tóku að fara með í umboði þeirra.¹⁰⁸ Breytti þá litlu þótt Lúther hafi sjálfur að jafnaði frekar rætt um söfnuðinn og þá sem samfélag en kirkjuna sem stofnun.¹⁰⁹

Hér skiptir mestu að lýðræðisvæðing hófst ekki í lúthersku kirkjunni fyrr en einvaldsríkið lét í minni pokann á 19. öld. Sterk tengsl kirkjunnar við ríkið komu fyrir þann tíma að mestu í veg fyrir að hugmyndir siðbótarmanna um kirkjuna sem söfnuð næðu fram að ganga. Hvað sem því líður verður að hafna þeirri túlkun að þátttökusamfélag síðari tíma megi skoða sem áhrif siðbótarinnar (sjá framar). Á Íslandi varð lútherska kirkjan sjálf jafnvel ekki að slíku þátttökusamfélagi fyrr en á 20. öld. Því virðist langsótt að siðbótin hafi ýtt undir slíka þróun í samfélaginu.

¹⁰⁶ Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 /1997, *althingi.is*, sótt 20. febrúar 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>.

¹⁰⁷ Í síðari greininni verður vikið að tengslum hugmyndanna um almennan prestdóm og almenna lýðræðisþróun.

¹⁰⁸ Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 44: 1/2017, sótt 2. apríl 2019 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedisstofnunar/article/view/2627/1418>, bls. 33–57, hér bls. 42–43.

¹⁰⁹ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lútber: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, bls. 398.

Niðurstöður

Hér hefur verið leitast við að greina helstu áhrif siðbótarinnar á Íslandi á sviði kirkjumála og trúariðkunar.

Áréttað skal að með siðbót er hér átt við kirkjugagnrýni Lúthers og eftir atvikum annarra siðbótarmanna á 16. öld sem og það umbóta- og uppbygg- ingarstarf sem fylgdi strax í kjölfarið. Helstu áhrif siðbótarinnar í þessari þröngu merkingu felast vissulega í siðaskiptunum og siðbreytingunni. Með fyrra heitinu er átt við þau trúar- og kirkjupólítísku hvörf sem urðu í fram- haldi af siðbótinni og lögðu grunn að lúthersku ríki m.a. í Danmörku og hér á landi. Með því síðara er átt við langvarandi menningarlega þróun og jafnvel menningarbaráttu sem leiddi til að þjóðlífið tók að mótast af hug- myndum siðbótarmanna. Bæði siðaskiptin og siðbreytingin mótuðust þó öðrum þræði af þróun miðstýrðs ríkisvalds. Án hennar hefði siðbótin tæpast náð svo miklum ítökum.

Til að hægt sé að ræða um lúthersk áhrif í sögulegri merkingu er mikil- vægt að mögulegt sé að sýna fram á að siðbótin hafi verið nauðsynleg for- senda þeirrar þróunar, breytinga eða nýjunga sem fjallað er um hverju sinni. Með nauðsynlegri forsendu er svo átt við að unnt sé að sýna fram á að án lúthersku siðbótarinnar hefði breytingin ekki orðið. Þetta er mun afdráttar- lausari viðmiðun en oftast er gengið út frá t.d. meðal guðfræðinga og mál- svara þjóðkirkjunnar sem og í almennum umræðum.

Nærtækt er að álykta sem svo að áhrifa siðbótarinnar sé fyrst og fremst að leita á sviði trú- og kirkjumála eða á því sviði sem fjallað er um í þess- ari grein. Ekki skal dregið í efa að margháttaðra lútherskra áhrifa hafi gætt á sviði guðfræði hér á landi eins og annars staðar þar sem lútherska sið- bótin ruddi sér til rúms. Má þar nefna áhrif á útgefnar postillur og aðrar húslestrarbækur, sálmakveðskap og uppfræðslukver og í framhaldi af því boðun og uppfræðslu þegar prestar urðu í stakk búnir til að vinna að fram- gangi siðbótarguðfræðinnar í predíkun og uppfræðslu. Í þessari grein er þó ekki fjallað um þessi eða önnur guðfræðisöguleg atriði í þröngum skilningi. Hitt vekur athygli hversu mikils samhengis virðist hafa gætt á siðaskipta- tímanum á ýmsum sviðum kristnihalds í landinu. Því máli gegnir t.a.m. um rekstrargrundvöll kirkjunnar en allt bendir til að eignaupptaka konungs á siðaskiptatímanum hafi verið stórlega ofmetin. Vissulega tók hann til sín eignir klaustranna sem voru lögð af sem trúarlegar stofnanir og breytti þeim í veraldleg lén. Þó verður að hafa hugfast að klaustrin gegndu áfram ýmsum félagslegum og jafnvel kirkjulegum hlutverkum. Þar stóðu áfram veglegar

kirkjur sem þjónuðu sem sóknarkirkjur, við klaustrin í Hólabiskupsdæmi var snemma tekið að halda uppi djáknum sem voru prestum til aðstoðar einkum við uppfræðslu og ástæða er til að ætla að þar hafi verið stunduð einhver fátækrahljálp. Þá voru eignir biskupsstólanna skertar nokkuð að verðgildi þar sem rýra átti kjör biskupanna, knýja þá til einfaldari lífshátta og setja forréttindastöðu þeirra í samfélaginu nýjar skorður. Hagkerfi sóknanna hélst aftur á móti að mestu óraskað og þar með starf kirkjunnar í landinu.

Margt bendir líka til að minni breytingar hafi orðið á kirkjubyggingum og búnaði þeirra en löngum hefur verið álitid og ýmsir hallast að enn í dag. Fátt bendir t.d. til að hér hafi verið stundað ákaft eða markvisst myndbrot á siðaskiptatímanum. Kaþólskar dýrlingamyndir og ýmsir aðrir helgigripir hafa líklega fremur farið forgörðum í tímans rás og einkum við hrörnun og síðar endurbyggingar kirkna án þess að þar komi eiginleg siðaskiptaáhrif fram. Vissulega hafa þó kirkjugripir úr góðmálmum verið fluttir utan m.a. til að mæta stríðskostnaði Danakonungs. Þá er athyglisvert hve mikillar festu gætti í tvískiptingu guðsþjónusturýmisins með kórþili. Sú skipan hvíldi alfarið á kaþólskum messuskilningi en skorti allan grundvöll í lútherskri guðfræði.

Líklega hélst heimilisguðræknin tiltölulega lítið röskuð gegnum siðaskiptatímamann þótt kaþólskustu helgertextarnir sem þar voru notaðir hafi smám saman vikið fyrir evangelískara efni. Þó færðist það trúarlega taumhald sem kirkjan beitti með hjálpi heimilisguðrækninnar og ekki síður skriftanna af sviði breytninnar yfir á hið hugræna svið er stöðugt meiri áhersla var lögð á eftirgrensulan um þekkingu í kristnum fræðum og þar með kenningarlegt inntak trúarinnar. Með tímanum þróaðist heimilisguðræknin svo í vaxandi mæli yfir í húslestur í takt við aukna útbreiðslu læsis og uppfræðsla varð stöðugt fyrirferðarmeiri þáttur í aðhaldinu. Hélt þessi þróun í hendur við þá breytingu að kirkjuguðræknin hverfðist ekki lengur um messuna sem dulúðuga endurtekningu á fórn Krists á krossinum heldur predikunina í sunnudagsguðsþjónustunni.

Lokun klaustranna sem trúarlega miðstöðva hefur vissulega haft margháttuð áhrif í hinu fábreytta og stofnunarsnauða samfélagi sem hér var við lýði á siðaskiptatímanum. Á hinn bóginn skiptir máli að sóknirnar héldust óraskaðar en sóknarkirkjurnar voru þrátt fyrir allt lykilstofnanir í íslensku kirkjunni. Á siðaskiptatímanum kom einnig fram ný tegund kirkjulegra stofnana, prestsheimilið, sem hélt víðtækum félagslegum hlutverkum allt fram á fyrri hluta 20. aldar og þá ekki síst á vettvangi fræðslu- og uppeldis-

mála. Þá kom einnig fram nýtt félags- og kirkjulegt hlutverk fyrir konur, hlutverk lúthersku prestskonunnar eða maddömunnar. Konur öðluðust þá stöðu vissulega einvörðungu vegna tengsla við eiginmann sinn, prestinn. Hér var þó um virðingarverða stöðu að ræða sem jafnvel fól í sér sjálfstæða ábyrgð. Ekki er heldur fyrir það að synja að margar nunnur á miðöldum hafi einnig öðlast hlutverk sitt í kirkju og samfélagi vegna tengsla sinna við karla, þ.e. feður og bræður er oft hafa reitt fram meðgjöf er þær gengu í klaustur. Þá ber að athuga að hið nýja hlutverk stóð mun fleiri konum til boða en klausturlífið áður að svo miklu leyti sem konur völdu sér sjálfar hlutverk á þeim tímum sem hér um ræðir.

Það sem hvað mesta athygli vekur er þó að sjálf kirkjustofnunin breyttist hverfandi í kjölfar siðbótarinnar. Lúther lagði þunga áherslu á að kirkjan væri söfnuður eða samfélag fólks sem og að leikmönnum bæri á grundvelli hugmyndanna um almennan prestdóm allra skírðra einstaklinga allt önnur staða bæði í kirkjunni og samfélaginu en verið hafði í kaþólsku miðalda-kirkjunni. Mörgum hérlendum guðfræðingum var einmitt þetta atriði ofarlega í huga á nýafstöðnu siðbótarári 2017. Ekkert bendir á hinn bóginn til að þessi nýja guðfræði hafi haft nein teljandi áhrif hér á landi. Íslenska kirkjan varð ekki grasrótahræfing, „safnaðar-“ eða „þátttökukirkja“ fyrr en á 20. öld og þá einkum síðari hluta hennar. Í kjölfar siðbótarinnar og löngu eftir þann tíma hélt „presta-“, „embættis-“ og „stofnunarkirkjan“ öröskuð með öllum þeim margþættu afleiðingum sem það hafði og brutu margar hverjar mjög í bága við lútherskan kirkjuskilning. Þegar „prestakirkjan“ tók loks að láta undan síga var það miklu frekar vegna almennrar lýðræðisvæðingar í samfélaginu en sértækra áhrifa frá lúthersku siðbótinni. Þetta atriði varpar ljósi á hve flókið sambandið er milli siðbótarguðfræðinnar og ýmissa síðari tíma breytinga í lúthersku kirkjunni hvað þá þegar horft er til nútímavæðingarinnar almennt.

Í upphafi greinarinnar voru kynntar til sögunnar tvær alhæfingar sem mjög hefur gætt þegar meta skal áhrif lúthersku siðbótarinnar hér á landi. Önnur var kennd við kvæðið „Aldasöng“ frá því snemma á 17. öld. Hin var einfaldlega kölluð kirkjuleg. Hér er litið svo á að í báðum felist alvarleg yfirdrift á áhrifunum. Aldsöngs-viðhorfið eða -syndrómið leggur tvímælalaust of þunga áherslu á víðtækt og róttækt rof á fjölmörgum sviðum á siðbótartímanum. Það gerir líka ráð fyrir of umfangsmikilli hnignun í kjölfarið sem rakin er beint til siðbótarinnar en ekki annarra hugsanlega samtímalegra og/eða tengdra atburða, einkum þróunar miðstýrðs ríkisvalds. Kirkjulega

sjónarmiðið ætlar siðbótinni á hinn bóginn allt of víðtæk, öflug og bein áhrif á nútímavæðingu bæði í kirkjunni og samfélaginu. Hér hefur verið talað fyrir nýju jafnvægi þeirra í milli. Í lok síðari greinarinnar verða svo dregnar víðtækari ályktanir af efni beggja greinanna.

ÚTDRÁTTUR

Áhrif siðbótarinnar á Íslandi Tilraun til jafnvægisstillingar

Fyrri grein

Árið 2017 var þess minnst að 500 ár voru liðin frá upphafi lúthersku siðbótarinnar. Í tilefni af því urðu talsverðar umræður um hver áhrif siðbótin hafi haft á kirkju, menningu og samfélag. Í þessari grein og annarri sem á eftir fylgir verður glímt við þessa spurningu og þá sérstaklega miðað við íslenskar aðstæður.

Gengið er út frá að til að mögulegt sé að slá því föstu að breyting hafi orðið eða nýjung komið til sögunnar vegna lútherskra áhrifa þurfi að vera hægt að sýna fram á að siðbótin sé nauðsynleg forsenda breytingarinnar/nýjungarinnar sem fjallað er um hverju sinni, þ.e. að þróunin hefði ekki orðið án þess að siðbótin hafi átt sér stað. Í þessu sambandi er þó bent á að ýmsar breytingar sem hingað til hafa verið raktar til siðbótarinnar geti allt eins hafa orðið vegna þróunar hins miðstýrða ríkisvalds á árnýöld. Þá er bent á að vegna fámennis, strjálbýlis og einfaldrar þjóðfélagsgerðar hafi ýmsar breytingar sem urðu á þéttbýlli svæðum ekki náð fram að ganga hér fyrir en löngu eftir siðbót. Í slíkum tilvikum er rætt um tafin eða síðbúin lúthersk áhrif. Þá vill svo til hér á landi að ýmsar breytingar sem vel samræmdust hugarheimi siðbótarmanna náðu þó ekki fram að ganga fyrir en á 18. öld og þá vegna píetismans. Í slíkum tilvikum er rætt um afleidd lúthersk áhrif.

Hér er gert upp við tvær túlkunaralhæfingar sem mjög hafa gert vart við sig í íslenskri umræðu um áhrif lúthersku siðbótarinnar. Önnur leggur þunga áherslu á víðtækt og róttækt rof á fjölmörgum sviðum á siðbótartímanum og víðtæka hnignun í kjölfarið sem rekja megi beint til siðbótarinnar en ekki annarra atburða, t.d. þróunar miðstýrðs ríkisvalds. Hin ætlar siðbótinni á hinn bóginn víðtæk, öflug og bein áhrif á nútímavæðingu bæði í kirkjunni og samfélaginu.

Í þessari grein er einkum grafið fyrir um áhrif siðbótarinnar á sviði trúar- og kirkjulífs. Þrátt fyrir að siðbótin hljóti vissulega að hafa haft hvað víðtækust og beinust áhrif á þessu sviði vekur athygli að sjálf kirkjustofnunin breyttist hverfandi í kjölfar siðbótarinnar. Löngu eftir siðbótina hélst „presta-“, „embættis-“ og „stofnunar-

kirkjan“ sem Lúther hafði gagnrýnt svo mjög sem sé óröskuð hér á landi með öllum þeim margþættu afleiðingum sem það hafði og brutu margar hverjar mjög í bága við lútherskan kirkjuskilning.

Lykilorð: Lúther, siðbót/siðaskipti/siðbreyting, þróun ríkisvalds, trúarlíf, kirkja

ABSTRACT

The Impacts of the Reformation in Iceland An Attempt to balance two Models of Interpretation

First Article

In 2017 the 500th anniversary of the Lutheran Reformation was celebrated. Then there was a huge discussion about the impact of the Reformation on church, culture and society. In this article and in a second one that follows, this question will be raised, especially in Icelandic context.

Here it is assumed that it is only possible to state that a change has occurred or a novelty has arisen because of Lutheran influence if it can be demonstrated that the Reformation is a necessary prerequisite for the change / innovation being discussed. Here it is particularly pointed out that various changes that until now have been traced to the Reformation can have been due to the development of the central-controlled state power. It is also pointed out that, due to the small population, rural areas and simple social structure, various changes that occurred in urban areas did not succeed in Iceland until long after the Reformation. Such cases are interpreted as delayed Lutheran effects. Then, in Iceland, many changes, which were well matched to the core areas of the Reformation, did not work until the 18th century and then because of the pietism. Such cases are interpreted as derivative Lutheran effects.

In Iceland two generalizations have been evident in the debate on the influence of the Lutheran Reformation. The first one emphasizes an extensive and radical changes in many areas in the Reformation period and subsequent extensive decline. It is also stated that this regression can be traced directly to the Reformation and not to other phenomena, e.g. the development of modern, centralized state. The other one states that the Reformation was most powerful in the modernization in both the church and society in Iceland.

This article focuses on the influence of the Reformation on religious and church life. Despite the fact that the Reformation has certainly had the broadest and most

HJALTI HUGASON

direct effects on this field, it is noteworthy that the church organization itself was only scarcely affected by the Reformation. After the Reformation the Icelandic church was for example almost as clergy-orientated as in the middle Ages.

Keywords: Luther, Reformation, Development of State Power, Religious Life, Church

HJALTI HUGASON

Prófessor í kirkjusögu

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

hhugason@hi.is